



**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson segir Ríkisútvarpið vera í tröllahöndum í ljósi uppsagna. **15**



**MENNING** Ásgeir Trausti heldur í tónleikaferðalag um allan heim til að fylgja eftir plötu sinni. **30**



**SPORT** Aron Jóhannsson huggaði Jóhann Berg eftir tap íslenska landsliðsins í Króatíu. **26**

**GJAFIR FYRIR ALLA**  
**byggto og búio** | Kringlunni byggto og búio.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

2. desember 2013  
283. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Rannsóknir eflar

Í frumvarpi til fjárukalaga er gert ráð fyrir því að verja auknum fjárum til rannsókna á kynferðis- ofbeldi gegn börnum. **10**

**Ungur tæknifrumkvöðull** Vignir Örn Guðmundsson hannar tölvuleik sem kennir börnum forritun. **2**

**Jólin koma** Jólaljósirn voru tendruð á Óslóatrénu á Austurvelli í gær, fyrsta sunnudegi í aðventu. **8**

**Áherslan á sparneytni** Íslensk fyrirtæki hafa í auknum mæli keypt sparneytnari bíla. **12**



Bolungarvík	-1°	SV	9
Akureyri	0°	SV	5
Egilsstaðir	1°	V	4
Kirkjubæjarkl.	-1°	V	5
Reykjavík	2°	V	8

**Hæg vestlæg átt** yfir öllu landinu. Hiti um og yfir frostmarki, él vestanlands en birtir til austanlands þegar líður á daginn. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



### KAUPUM GÖMUL OG NÝ ÚR

Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrnum.

3. HÆÐ Í KRINGLUNNI  
Sími: 661 7000



**BEÐIST AFSÖKUNAR** Á blaðamannafundi í gær veittu forsvarsmenn Vodafone, þar á meðal Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, upplýsingar um innbrot á vef fyrirtækisins um helgina og báðust afsökunar á mistökum sínum. Önnur fjarskiptafyrirtæki hafa farið vandlega í gegnum kerfi sín og gert viðeigandi ráðstafanir. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Helmingi fleiri barnaverndarmál

Fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefndar Reykjaneshæjar er 50% á milli ára, úr 330 í 493. Félagsmálastjóri segir vanda bæjarbúa endurspeglast í tölunum.

**FÉLAGSMÁL** „Stærsti þátturinn er í rauninni bara ástandið í bænnum, til dæmis hvað varðar atvinnu. Fjölskyldur eru í mjög erfiðri stöðu sem hefur ekki síst áhrif á andlega líðan,“ segir Hjördis Árnadóttir, félagsmálastjóri Reykjaneshæjar. „Það kemur meðal annars fram í þessu.“

Tilkynningum til barnaverndarnefndar Reykjaneshæjar fjölgaði um 50% fyrstu níu mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

Barnaverndarstofa hefur birt samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda. Fjöldi tilkynninga var 6.263 fyrstu níu mánuði ársins 2013, en 5.832 fyrir sama tímabil árið á undan. Þar kemur fram að tilkynningum fjölgaði um 7,4 prósent á landsvísi. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði tilkynningum um þrjú prósent en á landsbyggðinni var fjölgunin 17%.

Þegar tölfræðin frá landsbyggðinni er greind sérstaklega kemur í ljós að fá sveitarfélög bera uppi fjölgunina hlutfallslega. Reykjaneshæjar sker sig úr með 493 tilkynningar en þær voru 330 á sama tímabili í fyrra. Fjölgunin er 50%, eins og áður sagði. Önnur sveitarfélög þar

Fjölskyldur eru í mjög erfiðri stöðu sem hefur áhrif á andlega líðan, ekki síst.



Hjördis Árnadóttir  
félagsmálastjóri Reykjaneshæjar

sem fjölgun er áberandi mikil eru Sandgerði og Akranes.

Íbúar Reykjaneshæjar eru um 14.200 talsins en átta prósent af heildarfjölda tilkynninga á landsvísi eru þar í bæ. Þegar hlutfall barnaverndarmála á hver þúsund börn er notað sem mælistika var landsmeðaltalið 54,6 börn, samkvæmt nýjustu tölum Barnaverndarstofu. Í Reykjaneshæjar var hlutfallið hins vegar 80 börn.

Þegar tölfræði Barnaverndarstofu yfir landið í heild er skoðuð sést að flestar tilkynningar eru vegna vanrækslu, eða 2.307 talsins. Vegna ofbeldis voru tilkynningarnar 1.643 og vegna áhættu hegðunar 2.269.

- shá

## 6.263 tilkynningar á níu mánuðum

6.263 tilkynningar bárust barnaverndarnefndum landsins fyrstu níu mánuði ársins 2013, samanborið við 5.832 tilkynningar sem bárust á sama tímabili árið á undan. Í samantekt Barnaverndarstofu kemur fram að tilkynningum fjölgaði um 7,4 prósent á landsvísi. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði tilkynningum um þrjú prósent en á landsbyggðinni var fjölgunin 17%.

Ríkisstjórnin kynnti um helgina tvíþættar aðgerðir til skuldaleiðréttinga:

## Nema samtals 150 milljörðum

**EFNAHAGSMÁL** Um áttatíu prósent íslenskra heimila verða fyrir beinum áhrifum af skuldaleiðréttingaaðgerðum að sögn forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar, en þeir kynntu aðgerðirnar á kynningarfundum í Hörpu á laugar- dag. Aðgerðirnar nema 150 milljörðum króna og ná yfir fjögurra ára tímabil. Þær koma til framkvæmda á næsta ári.

Fjármögnunin verður annars vegar kostuð með skatti á fjármála- fyrirtæki og slitastjórnir föllu bankanna og hins vegar með skattaávilnunum á séreignar- lífeyrissparnað sem varið er til niðurgreiðslu lána.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármála- fyrirtækja, segir í samtali við Fréttablaðið að hækkan

bankaskattsins feli í sér mikið högg fyrir starfandi fjármála- fyrirtæki.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar gefa lítið fyrir aðgerðirnar þar sem fjármögnun þeirra sé meðal annars ekki trygg.

Formaður ASI segir óljóst hvort aðgerðirnar munu hafa áhrif á kjarasamningaviðræður.

- fb / sjá síðu 4

**OPIÐ 24 TÍMA** Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla  **Iceland**

## Vefverslun Krumma

LEIKFÖNG Í ÚRVALI



www.krumma.is



Gylfaflöt 7  
112 Reykjavík  
587-8700  
www.krumma.is



## SPURNING DAGSINS



Rúnar, er rækjuskelin að skora?

„Já, við skelltum okkur á skeljarnar og sjáum ekki eftir því.“

Rúnar Marteinnsson er framleiðslustjóri Primex, sem framleiðir efni úr rækjuskel sem notað er í vörulínur um allan heim.

Hópur þeirra sem nýta sér þjónustu Gistiskýlis í miðbænum fer stækkandi:

## Heimilisláusir hafna húsnæði

**VELFERÐARMÁL** Dæmi eru um að heimilisláusir menn sem boðið er félagslegt húsnæði þiggi það ekki.

„Sumir eru hreinlega fastir á þessum stað í tilverunni, að gista í Gistiskýlinu og nýta sér neyðarúrræði í stað þess að reyna að koma undir sig fóttunum,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs.

„Það er verið að vinna í að breyta inntökuskilyrðum í Gistiskýlið og búa til þjónustukeðju. Þannig fari menn af einum stað á annan og geti ekki hafnað tilboðum,“ segir Björk.

Meðalfjöldi þeirra sem gistu í október í Gistiskýlinu voru 19,7 miðað við 16 til 17 að jafnaði árin 2011 og 2012.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar miðborgar og Hlíða, staðfestir að heimilisláusir hafni því að fá húsnæði en segir einnig fjölgun hafa orðið í hópnum. „Fjölgunin er fyrst og fremst meðal útlendinga. Við höfum ekkert fast í hendi en líklega eru þetta einstaklingar sem hafa haft hér atvinnu en svo misst hana.“



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** Formaður velferðarráðs segir að búa þurfi til þjónustukeðju fyrir heimilisláusa í Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögreglumál um helgina:

## Kona alvarlega slösuð eftir árás

**LÖGREGLAN** Kona á sextugsaldri var um fimmleytið í gær flutt alvarlega slösuð á sjúkrahús eftir að hafa orðið fyrir fólkskulegri árás karlmanns sem er á fimm-tugsaldri. Atvikið mun hafa átt sér stað á heimili mannsins en hann var handtekinn á staðnum. Helgin var tiltölulega róleg í miðborg Reykjavíkur. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglu voru tveir öllum teknir fyrir ölvun við akstur og þá voru þrjár líkamsárásir tilkynntar.

- glp



**SAMBANDI KOMIÐ Á** Hægt verður að tala í síma í Múlagöngum.

Endurbætur í Fjallabyggð:

## Neyðarsímar í Múlagöngin

**FRAMKVÆMDIR** Vegagerðin er nú að hefja endurbætur á Múlagöngum sem tengja Ólafsfjörð og Dalvík.

Bæta á lýsingu í göngunum, setja upp neyðarstöðvar í hverju útskoti með neyðarsíma og tveimur slökkvitækjum en útskotin eru með 160 metra bili. Þá á að koma á fjarskiptasambandi með TETRA og GSM með uppsetningu endurvarpa og loftneta. Einnig á að setja upp lokunar- og stjórnbúnað utan ganga, lokunarslá og blikkljós. Sömu leiðis mengunarmæla og hita- og rakamæla. Ekki á að koma á útvarps sambandi.

- gar

Mestur vöxtur í fasteignum:

## Nýskráningum fjölgar á árinu

**EFNAHAGSMÁL** Nýskráningar einkahlutafélaga fyrstu tíu mánuði ársins eru 9,5 prósentum fleiri en á sama tíma í fyrra.

Í nýbirtum tölum Hagstofnunar kemur fram að í október hafi verið nýskráð 181 einkahlutafélag. Í október í fyrra voru nýskráð 155.

„Nýskráningar voru flestar í fasteignaviðskiptum,“ segir á vef Hagstofnunar. Frá janúar og út október voru nýskráningar 1.613, en voru 1.473 í fyrra.

- óká

# Fótboltaleikur sem kennir forritun

Vignir Örn Guðmundsson er frumkvöðull á sviði tölvuleikja sem ætlaðir eru til að efla rökfræðilega hugsun ungra barna. Flóknu forritunarmáli er breytt í daglegt mál. Skortur er á forritunum á vinnumarkaði og mikilvægt að efla grunninn.

**TÆKNI** „Markmiðið með leiknum er að efla og örva rökfræðilega hugsun sem börn á fyrstu árum grunn-skólans þurfa til að fá betri skilning á gildum forritunar,“ segir Vignir Örn Guðmundsson, meistaranemi í tölvunarfræði og framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins Radiant Games.

Um er að ræða fótboltaleik fyrir spjaldtölvur þar sem forritunarmáli er varpað í tungumál sem ung börn skilja. Vignir veit ekki til þess að slíkur leikur hafi verið hannaður fyrir svo ung börn.

„Það eru til leikir fyrir eldri krakka þar sem forritunarmál er notað. Við notum tungumál sem börnin eiga gott með að tjá sig á. Í þessu tilfelli tókum við fótboltann og brjótum upp í smærri verkefni sem barnið leysir, eins og forritun snýst um. Svona viljum við örva skipulagða hugsun sem barnið getur tekið með sér í sitt daglega líf.“

Markmið Radiant Games er að búa til leikjaseríu sem eykur forritunarkunnáttu barna. Fótboltaleikurinn er aðeins fyrsti leikurinn.

„Ástæðan fyrir því að við byrjuðum á fótbolta er að það er stærsta íþróttin hjá bæði stelpum og stráku. En þetta er bara eitt dæmi um hvernig hægt er að tjá forritun. Til dæmis væri hægt að hanna dansleik þar sem barnið þarf að búa til dansrútinu á móti dansfélaga.“

Fyrirtækið ætlar einnig að búa til stoðkerfi fyrir kennara og aðstandendur. „Þannig er hægt að fylgjast með framvindu barnsins í leiknum. Ef barnið skilur ekki



**FRUMKVÖÐULL** Vignir Örn Guðmundsson segir markmiðið vera að búa til leikjaseríu þar sem börnin læra að tjá forritun í gegnum alls kyns tólmundaleiki.

## Fótboltaleikurinn CodeBall

Í fótboltaleiknum þarf barnið að skilgreina hvernig persónur í leiknum eiga að hreyfa sig. Í stað þess að skrifa flókinn kóða eru skipanir gefnar með spurningum og verkfærum. Verkfærin fær barnið úr verkfærakistu neðst á skjánum og býr þannig til sitt eigið forrit. Svo notar barnið einfaldar spurningar til að búa til aðgerð. Til dæmis: „Er ég með boltann? Og ef ég er með boltann þá ætla ég að skjóta á markið.“

eitthvert verkefni þá er hægt að aðstoða það og hjálpa því að komast yfir hindrunina.“

Vignir Örn segir mikilvægt að kenna börnum undirstöðuatriði forritunar.

„Upplýsingatæknikennslan í

grunnskóla felst meira í að nota hugbúnað en að kenna gildin til að skapa eigin hugbúnað. Það er skortur á forritunum á vinnumarkaði og því mikilvægt að efla grunninn fyrir fagið.“

erlabjorg@frettabladid.is

Þyrluslysið í Glasgow:

## Fórnarlamba minnst í gær

**SLYS** Minningarathöfn um fórnarlömb þyrluslyssins sem varð í Glasgow á föstudagskvöld var haldin í dómkirkju borgarinnar í gær. Bænastund var haldin og kveikt var á kertum í kirkjunni. Á meðal viðstaddra voru skoskir ráðamenn, samkvæmt frétt The Guardian.

Áð minnsta kosti átta manns fórust í slysinu sem varð þegar lögregluþyrla brotlenti á kránni Clutha Vaults í Stockwell Street, skammt frá miðborg Glasgow. Fjórtaán til viðbótar eru á sjúkrahúsi, alvarlega slasaðir. Björgunarsvarsmenn leituðu í rústum kráarinnar í gær.

- fb



**LESTIN** Farþegalestin eftir að hún fór út af sporinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farþegalest út af sporinu:

## Fjórir létust í lestarslysi

**NEW YORK, AP** Fjórir létust og yfir sextíu slösuðust þegar farþegalest fór út af sporinu í Bronx-hverfinu í New York-borg.

Fjöldi farþega í lestinni var á bilinu 100 til 150 þegar hún lagði af stað frá bænum Poughkeepsie til Manhattan. Slysið varð klukkan rúmlega sjö um morguninn.

„Fjórar manneskjur létust í dag, skömmu eftir þakkargjörðarhátíðina,“ sagði Andrew Cuomo, ríkisstjóri New York, sorgmæddur á blaðamannafundi. Talið er að ellifu af þeim sem slösuðust séu lífshættulega slasaðir og sex til viðbótar alvarlega slasaðir.

- fb

Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2013 voru tilkynntar í gær:

## Nýr flokkur kynntur til leiks

**MENNING** Í gær var tilkynnt um tilnefningar til hinna Íslensku bókmenntaverðlauna 2013 í Listasafni Íslands, svonefndan Gullmiða. Nýr flokkur var kynntur til sögunnar sem eru barna- og unglingsbækur. Alls eru flokkarnir fjórir: Fagurbókmenntir, Fræðibækur og rit almenns efnis, Barna- og unglingsbækur og Þýðingar. Fagurbókmenntirnar njóta yfirleitt mestrar athygli.

Fimm bækur eru tilnefndar í hverjum flokki og munu þær keppa um Íslensku bókmenntaverðlaunin og eina milljón króna sem fylgir þeim. Formenn dómnefndanna þriggja munu velja einn verðlaunahafa úr hverjum flokki ásamt forsetaskipuðum formanni lokadómnefndar. Íslensku bókmenntaverðlaunin verða afhent um mánaðamótin janúar-febrúar af forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, á Bessastöðum.


### → Tilnefningar í tveimur af fjórum flokkum

#### Fagurbókmenntir:

**1983** Eiríkur Guðmundsson  
**Sæmd** Guðmundur Andri Thorsson  
**Fiskarnir hafa enga fætur** Jón Kalman Stefánsson  
**Mánasteinn – Drengurinn sem aldrei var til** Sjón  
**Dísusaga – Konan með gulu töskuna** Vígdis Grímsdóttir

#### Barna- og unglingsbækur:

**Tímakistan** Andri Snær Magnason  
**Brosbókin** Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen  
**Freyju saga – Múrin** Sif Sigmarsdóttir  
**Strokubörninn á Skuggakeri** Sigrún Eldjárn  
**Vísindabók Villa** Vilhelm Anton





# Innbrot á heimasíðu Vodafone

## Hvað gerðist?

Aðfaranótt 30. nóvember var brotist inn á heimasíðu Vodafone. Innskráningarupplýsingum á Mínum síður og hluta af VefSMS-skeytum sem send voru þaðan var stolið og þær gerðar aðgengilegar á netinu. Öryggi SMS-skeyta sem send hafa verið úr símtækjum var aldrei í hættu né aðrar upplýsingar vistaðar hjá Vodafone.

## Hverju var stolið og frá hverjum?

Um 79 þúsund VefSMS-skilaboðum var stolið ásamt innskráningarupplýsingum af Mínum síðum. 75% þessara skilaboða voru almennar þjónustutilkynningar frá tannlæknum, skósmiðum, félagasamtökum o.fl. Alls var fjórum greiðslukortanúmerum stolið. Þrjú þeirra voru prufukort.

## Eru upplýsingar um þig í gögnunum?

Vodafone hefur komið upp gagnaherbergi hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur, Húsi verslunarinnar. Þar geturðu gengið úr skugga um hvort upplýsingar um þig er að finna í gögnunum gegn framvísun persónuskilríkja, mánudag og þriðjudag kl. 10-16. Ekki verða veittar upplýsingar rafrænt eða í gegnum síma.

## Hvers vegna voru gögn geymd lengur en í sex mánuði?

Á Mínum síðum var notendum boðið upp á að vista send VefSMS-skilaboð. Það voru einu skilaboðin sem geymd voru. Skýrt er kveðið á um í lögum að ekki skuli geyma skilaboð lengur en sex mánuði – það brást í þessu tilviki.

## Til hvaða ráðstafana var gripið?

Færustu sérfræðingar í gagna- og netöryggismálum hafa uppgötvað með hvaða hætti tölvuþrjóturinn komst inn á heimasíðuna og höfum við gert viðeigandi ráðstafanir til að innbrot endurtaki sig ekki.

## Viðkvæm gögn í umferð

Það er einlæg von okkar að þeir aðilar sem hafa komið höndum yfir gögnin geri ekki illt verra með því að dreifa þeim frekar. Þannig getum við lágmarkað skaðann vegna þeirra.

Vodafone biður alla sem málið snertir afsökunar.

**Frekari upplýsingar um innbrotið á heimasíðu Vodafone má finna á [vodafone.is](http://vodafone.is)**



Vodafone

SVONA ERUM VIÐ



**44** þúsund krónur er sú upphæð sem ætla má að hver landsmaður verji að meðaltali til kaupa á vörum fyrir jólin umfram verslun aðra mánuði ársins samkvæmt skýrslu Rannsóknarseturs verslunarinnar. Jólágjöfin í ár, að þeirra sögn, er líffstílsbók.

# Maóista-samtök í London eru nú grunuð um að hafa stundað þrælahald: Stærsta þrælahaldsmál síðari ára

**LONDON, AP** Lögreglan í London segir að mál kvennanna þriggja sem frelsaðar voru úr þrælund sinni á dögunum eftir um þrjá áratugi sé stærsta nútíma þrælahaldsmálið í Bretlandi. Síðustu daga hafa sjónir manna beinst að hópi maóista.

Þegar Sian Davies lést á dularfullan hátt fyrir sextán árum, þegar hún féll út um glugga í London hafði fjölskylda hennar ekki séð hana í tvo áratugi. Davies hafði flutt frá Wales til London í þeim tilgangi að mennta sig en fljótlega sleit hún öllum samskiptum við fjölskylduna sína. Fjölskyldan taldi hana hafa flækst í maóista-hóp sem bjó saman í kómmunu.

Dauði Davies ýtti undir efasemdir í garð samtak-

anna. Aðstandendur Davies urðu einnig ævareidir út í samtökin þar sem hún lifði í sjó mánuði á spítala eftir að hún féll út úr glugganum en engum aðstandanda var upplýst um það.

Í nóvember urðu efasemdaraddirnar hins vegar enn háværari þegar í ljós kom að samtökin höfðu haft konurnar fyrrnefndu í gíslingu í þrjátíu ár. Þetta eru þær Josephine Herivel sem er nú 57 ára gömul, Aishah Wahab sem er 69 ára gömul kona frá Malasíu og Rosie Davis, sem talin er vera dóttir Sian Davis en hún er þrjátíu ára gömul og hefur verið í gíslingu allt sitt líf.

Maóista-samtökunum var stjórnað af 73 ára gömlum manni, Aravindan Balakrishnan, en hann hefur þó ekki enn verið kærður.



**PRÍSUNDIN** Inni í þessu húsi var þremur konum haldið líkt og þrælum um áratíðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bein áhrif ná til 80 prósent heimila

Áttatíu prósent íslenskra heimila verða fyrir beinum áhrifum af skuldaleiðréttingaaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Aðgerðirnar nema 150 milljörðum króna og ná yfir fjögurra ára tímabil. Þetta kom fram á kynningarfundum sem var haldinn í Hörpu á laugardaginn.

**SKULDAMÁL** Áttatíu prósent íslenskra heimila verða fyrir beinum áhrifum af skuldaleiðréttingaaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Aðgerðirnar nema 150 milljörðum króna og ná yfir fjögurra ára tímabil. Þær koma til framkvæmda á næsta ári.

Þetta kom fram á kynningarfundum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Sigurðar Hannessonar, formanns sérfræðingahóps um höfuðstóls-lækkun verðtryggðra fasteignalána, sem var haldinn í Hörpu á laugardag.

Sigmundur segir að öll heimili landsins muni njóta góðs af leiðréttingunum. „Áttatíu prósent þeirra verða fyrir beinum áhrifum af þessum aðgerðum sem hér eru boðaðar en hin heimilin njóta líka góðs af þeim efnahagslegu áhrifum sem þetta hefur í för með sér.“

Aðgerðir stjórnvalda eru tvískiptar. Annars vegar bein niðurfærsla á höfuðstóli verðtryggðra húsnæðis-lána frá 2007 til 2010. Samtals nemur sú upphæð um áttatíu milljörðum króna. Hins vegar er um að ræða skattafrádrátt af séreignarsparnaði. Forsætisráðherra segir beinu niðurgreiðsluna á höfuðstóli fjármagnaða með bankaskatti sem verði einnig leitinn ná til fjármála-stofnana í slitameðferð.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir að áhættan af skuldaaðgerðunum lenti á ríkissjóði. „Milljarðarnir koma ekki úr vösum erlendra kröfuhafa eins og lofað var í vor heldur úr ríkissjóði,“ segir hann.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir að búið sé að tilkynna að protabú föllnu bankanna ætli í mál og þess vegna sé óvissa um fjármögnun aðgerðanna. Hvað

séreignarsparnaðinn varðar segir hún það litla ofrausn að leyfa fólki að færa sparnaðinn úr einum vasa yfir í annan.

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartar framtíðar, segir að fjársveldi sé úti um allt samfélag og spyr hvort þetta sé skynsamlegasta leiðin til að verja peningunum. Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata, vill fá frekari útskýringar á ríkis-ábyrgðinni.


Aðspurður hvort aðgerðirnar muni hafa áhrif á kjarasamninga segir Gyfla Arnbjörnsson, forseti ASÍ, það ráðast af því hvernig tilögurnar koma út miðað við mismunandi tekjuhópa. „Mér sýnist á öllu að tekjulægri hópar séu kannski ekki mikið inni í þessu. Augljóslega fá þeir sem eru á leigumarkaði og hafa lent í verulegri hækkun á húsaleigu ekki mikla aðstoð,“ segir Gyfla.



**KYNNTU ÁFORM SÍN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Bjarni Benediktsson kynntu skuldaleiðréttingaaform ríkisstjórnarinnar í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

## Hvað geri ég?

Ferli fyrir leiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra lána.



## „Mikið högg á starfandi fjármálafyrirtæki“



**GUÐJÓN RÚNARSSON**

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir jákvætt að tillögurnar séu komnar fram enda hafi verið beðið lengi eftir þeim. Enn eigi samt eftir að fá nánari útskýringar á útfærslu einstakra þátta þeirra. „Boðaðar skattahækkningar á fjármálakerfið í tillögnum eru vissulega mikið högg á starfandi fjármálafyrirtæki sem þær beinst að. En það á eftir að sjá hvaða áhrif þær hafa á viðskiptamenn þeirra og eignahluti ríkisins í þeim fyrirtækjum,“ segir Guðjón, aðspurður. „Það þarf að



**PÁLL BENEDIKTSSON**

halda því til haga að starfandi fjármálafyrirtæki hafa greitt um 120 milljarða króna opinber gjöld frá árinu 2009, auk þess sem bankakerfið hefur gengið miklu lengra en aðrar ríkisreknar stofnanir í fyrri skuldaaðgerðum, svo sem 110 prósent leiðinni.“ Páll Benediktsson, upplýsinga-fulltrúi slitastjórnar Landsbankans, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu. Sömu sögu hafði Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, að segja. Hún benti aftur á móti á umsógn slitastjórnar-



**STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR**

innar um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014. Par segir meðal annars: „Það er mat Glitnis að frumvarpið sé haldið verulegum annmörkum sem geti valdið því að fyrirhuguð álagning bankaskatts á fjármálafyrirtæki í slitameðferð verði talin ólögumæt fyrir dómstólum. Fyrirkomulag og aðferðafræði skattheimtunnar er að mati Glitnis hvorki málefnaleg né rökrétt auk þess sem skattlagning skulda er fráhræfing frá meginreglum skattaréttarins þegar kemur að álagningu skatta.“

**185 CM HÁR**

GILDIR MÁNUDAG & ÞRIÐJUDAG

# 48 TÍMA OFURTILBOÐ

**Electrolux**  
EN-3481AOX Kæli-/frystiskápur

Kæli- og frystiskápur í algjörum sérklassa. Þetta toppmódel frá Electrolux er hlaðið nýrri tækni og áður óþekktum þægindum.

- ✓ Sjálfvirk affrýsting í kæli- og frysti.
- ✓ FreshZone 0-3°C skúffa fyrir ferskvöru s.s. kjöt og fisk.
- ✓ Rakastýrð grænmetisskúffa.
- ✓ 100% kuldaflæði með kæliviftu.
- ✓ Björt LED lýsing.
- ✓ QuickChill hraðkæling.
- ✓ Fullkomið stjórnborð með skjá, snertitökkum og hitamæli.
- ✓ Glæsileg hönnun. Kámrítt stál.
- ✓ HxBxD: 185 x 59,5 x 63 cm
- ✓ Fullt verð kr. 209.900

VERÐ MÁNUDAG & ÞRIÐJUDAG KR. 177.777

SPARAÐU 32.123

TOPPMÓDEL

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500 [www.rafha.is](http://www.rafha.is)

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

**KÓLNAR Á LANDINU** Hiti verður í kringum frostmark í dag og búast má við vægu frosti inn til landsins. Fremur hæg vestlæg átt með eljagangi á vesturhelmingi landsins en birtir til austanlands eftir hádegi.

Alicante 17°	Billund 7°	Gautaborg 6°	London 9°	Orlando 22°	San Francisco 17°
Basel 5°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 18°	Stokkhólmur 4°	
Berlín 5°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 23°	New York 9°	París 7°	

**Á morgun** SV- og V-átt, 10-18 m/s.

**Miðvikudagur** Víða 5-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður



# Gefum gleði

Á JÓLUNUM



SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI



## VEISTU SVARID



1. Hjú hvaða sjónvarpsstöð er Hilda Jana Gísladóttir dagskrárástjórnari?
2. Hvaða upphefð býður jógans Sri Chinmoy ef óskir fylgjenda hans hér á landi verða uppfylltar?
3. Hvaða húsi hefur söngdívann Helga Möller nú augastað á?

SVÖR: 1. N4 2. Styta af honum verður teist við Ejsurætur. 3. Feskubhelli.

## Vöruskiptajöfnuður fyrstu 10 mánuði ársins er fimmtungi lakari en í fyrra: Metafgangur þjónustuviðskipta

**EFNAHAGSMÁL** Á sama tíma og hallar á vöruskipti við útlönd milli ára er metafgangur á þjónustuviðskiptum, að því er fram kemur í tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær.

Fyrstu tíu mánuði ársins voru fluttar út vörur fyrir 508,9 milljarða króna en inn fyrir 457,6 milljarða. Afgangur á vöruskiptum við útlönd er því 51,3 milljarðar, en var 64,1 milljarður í fyrra. Vöruskiptajöfnuður var því 12,8 milljörðum, eða rétt tæpum 20 prósentum, lakari en á sama tíma árið áður. Í október

einum var 7,1 milljarðs afgangur á vöruskiptum miðað við 15,1 milljarðs afgang ári fyrr.

Um leið sýna bráðabirgðatölur útflutning þjónustu upp á 141,3 milljarða á þriðja ársfjórðungi og innflutning fyrir 95,2 milljarða. Þjónustujöfnuður er því jákvæður um 46 milljarða á tímabilinu, 31 prósent meiri en í fyrra þegar hann var 35 milljarðar. Fram kemur í morgunkorni Greiningar Íslandsbanka að afgangurinn sé meiri en nokkru sinni á einum ársfjórðungi.



Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Samgöngur eru stærsti liður þjónustuútflutnings. Afgangur vegna viðskiptanna nemur 32,8 milljörðum á þriðja ársfjórðungi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Formaður BSRB ósáttur: Uppsagnirnar niðurrif á RÚV

**FJÖLMIDLAR** Réttara væri að kalla uppsagnirnar á Ríkisútvarpinu sem tilkynnt var um í síðustu viku niðurrif en niðurskurð, segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, í pistli á vef bandalagsins. Fjöldi starfsmanna hafi einnig verið sagt upp hjá öðrum stofnunum nýlega, til dæmis Vinnuálastofnun.

„Miðað við stöðuna eins og hún birtist okkur núna er þessum stofnunum ómögulegt að standa undir lögboðnum hlutverkum sínum,“ segir Elín.

- bj



**BRAUTIN** Engin hraðbraut er á Íslandi en tvöfaldur hluti Reykjanesbrautarinnar kemst líklega næst því að falla í þann flokk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hækka hámarkshraðann:

## Mega keyra á 130 á hraðbraut

**NOREGUR** Ný ríkisstjórn í Noregi hefur það á stefnuskrá sinni að hækka hámarkshraðann á hraðbrautum í landinu úr 90 í 130 kílómetra á klukkustund.

Fram kemur í frétt á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda að 90 kílómetra hámarkshraðinn sé lægsti leyfilegi hámarkshraði á hraðbrautum í Evrópu.

Áður en hámarkshraðinn verður hækkaður verður farið yfir hraðbrautirnar og þess gætt að þær þöli aukinn hraða án þess að það kalli á auknar líkur á slysum samkvæmt stjórnarsáttmála Framfaraflokksins og Hægriflokksins.

- bj

## MOSFELLSBÆR

### Álafossvegur að vistgötu

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar leggur til við bæjarstjórn að Álafossvegur verði gerður að vistgötu. Þá munu gangandi vegfarendur og hjóla fólk hafa forgang á bíla.

## LEIÐRÉTT

Ekki var rætt við Ragnar P. Steinsson um nýtt gistiskýli heimilislausra á Vatnsstíg í helgarblaðinu, heldur Einar Bragason. Bedist er afsökunar á þessum mistökum.

**FJARSKIPTI** „Netárásir eru alvarlegir glæpir. Sú staðreynd að slík árás skuli ná til Vodafone á Íslandi hlýtur að vekja öll fyrirtæki til umhugsunar,“ segir Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.



**GUNNHILDUR ARNA GUNNARSDÓTTIR**



**LIV BERGPÓRSDÓTTIR**

Fjarskiptafyrirtækin Síminn og Nova fóru vandlega yfir kerfi sín og öryggisáætlanir eftir að fréttir af netárás á Vodafone barst. Ekkert bendir til þess að utanaðkomandi aðili hafi komist í gögn þeirra.

Tölvuhakkari frá Tyrklandi réðst á föstudagsnótt á vefsíðu Vodafone og náði að hrifsa til sín umtalsverðu magni persónuupplýsinga viðskiptavina Vodafone. Gögnin voru gerð opinber á Twitter-reikningi hakkarans en þar má meðal annars finna 79 þúsund sms-skilaboð sem send voru í gegnum heimasíðu Vodafone frá lok árs 2010 til dagsins í dag.

Samkvæmt lögum ber fjarskiptafyrirtækjum að varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði, í þágu rannsókna og almannaöryggis. Við ítarleg störf sérfræðinga Símans kom í ljós að ein tegund gagna var geymd sex mánuðum lengur en gert er ráð fyrir, eða í eitt ár.

„Um var að ræða magnsendingar

Þetta virðist vera í ólagi hjá fleiri fyrirtækjum.

Hrafnkell Gíslason  
forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

og sms-skilaboð sem fara frá vefsíðu. Þessum gögnum hefur nú verið eytt og Síminn hefur upplýst Póst- og fjarskiptastofnun um málið,“ segir Gunnhildur.

„Það eru engin gögn til um skilaboð milli tveggja síma hjá okkur enda geymum við aldrei innihald skilaboða sem fara um fjarskiptakerfi,“ segir Liv Bergpórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova. „Aftur á móti geymum við skilaboð sem send eru af vefsíðu Nova í sex mánuði enda er það ekki hefðbundin fjarskiptaþjónusta. En öllu slíku var eytt eftir árásina á Vodafone og í framtíðinni munum við ekki geyma slík gögn.“

Liv segir fyrirtæki og einstaklinga geta dregið mikilvægan lærdóm af þessu atviki. „Einstaklingar þurfa að passa vel upp á lykilorð og aðrar persónulegar upplýsingar og þetta er áminning fyrir fyrirtækin að gera sitt allra besta til að tryggja öryggi viðskiptavini sinna.“

Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir að talið sé að geymsla Vodafone á gögnum sé brot á fjarskiptalögum en það eigi eftir að fara fram stjórn-sýsluleg rannsókn á málinu.

„Ef þetta er brot munum við fara yfir það með öllum fjarskiptafélögum enda virðist þetta vera í ólagi hjá fleiri fyrirtækjum. Þá þarf að herða á verklagi félaganna að fara eftir lögnum.“ erlabjorg@frettabladid.is



**BEDIST AFSÖKUNAR** Á fréttamannafundi í gær báðu Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, og Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs, alla sem málið snertir afsökunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Lenti ég í hakkaranum?

Vodafone mun veita fólki aðgang að gögnum um sig sem gerð voru opinber. Gögnin verða gerð aðgengileg á Málflutningsstofu Reykjavíkur í Húsi verslunarinnar í dag og á morgun klukkan 10-16 gegn framvísun persónuskilríkja.

**SIEMENS Purrkari** | Jólaverð: **129.900** kr. stgr.  
WT 44B5E0DN

**Stavanger Veggflampi** | Jólaverð: **6.900** kr. stgr.

**SIEMENS Þvottavél** | Jólaverð: **104.900** kr. stgr.  
WM 12B261DN

**BOSCH Matvinnsluvél** | Jólaverð: **10.900** kr. stgr.  
MCM 2054

**Stavanger Gólfampi** | Jólaverð: **14.900** kr. stgr.

**BOSCH Töfrasproti** | Jólaverð: **14.700** kr. stgr.  
MSM 67PE

**Gigaset símtæki** | Jólaverð: **5.310** kr. stgr.  
A120

**SMITH & NORLAND**  
Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



# VILTU GOÐAN SVEFN?

RÝMUM FYRIR  
NYJUM VÖRUM

ÓTRÚLEG VERÐ!

KING KOIL KING SIZE TILBOÐ!



PALMER KING  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 319.413 kr.

159.707 kr.

ADEINS  
4  
RÚM!

50%  
AFSLÁTTUR!



SABÍNA KING  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 278.600 kr.

50%  
AFSLÁTTUR!

139.300 kr.

ADEINS  
4  
RÚM!



ADEINS  
6  
RÚM!

DAKOTA KING  
King Size (193x203 cm)  
Fullt verð 234.200 kr.

117.100 kr.

50%  
AFSLÁTTUR!



# SILVIA HÆGINDASTÓLL

Fullt verð 43.700 kr.

Verð nú  
34.960 kr.

FÆST Í SVÖRTU,  
HVÍTU OG BRÚNU



20%  
AFSLÁTTUR!

# rekkjan

H E I L S U R Ú M



# Kærleiks og kyrrðarstund



Miðvikudagskvöldið 4. desember kl. 20:00

Náttúralækningafélag Reykjavíkur heldur í aðdraganda jólanna Kærleiks og kyrrðarstund í Laugarneskirkju við Kirkjuteig 105 Rvk.

Dagskrá:

Fróðleikur úr fortíðinni - Bjarni Þórarinnsson, rágjafi

Hugvekja um kærleikann - Haraldur Erlendsson, forstjóri HNLFI

Hugleiðing og slökun - Guðrún Ásta Gunnarsdóttir, jógakennari á HNLFI

Jurtate, piparkökur og jólaglaðningur.

Allir velkomnir.

Aðgangur kr. 500 - frítt fyrir félagsmenn

Berum ábyrgð á eigin heilsu

## Þróunarsjóður námsgagna

Umsóknarfrestur til 15. janúar 2014

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Markmiðið er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Efnið skal henta til rafrænnar útgáfu sé þess nokkur kostur.

Fyrir árið 2014 nýtur forgangs efni sem styður við skilgreinda lykilhæfni í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla og/eða skilgreind námssvið í aðalnámskrá leikskóla.

Umsóknargögn er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)  
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

Allar nánari upplýsingar veitir Andrés Pétursson,  
[andres.petursson@rannis.is](mailto:andres.petursson@rannis.is), sími 515 5833.



FOTO: KÓRUR, GRIFFIN, HÖNNUN



**JÓLIN Á NÆSTA LEITI** Aðventan hófst með formlegum hætti á Austurvelli í Reykjavík í gær, en Jón Gnarr borgarstjóri fékk aðstoð frá ungum norsk-íslenskum dreng þegar jólaljósín á Óslóartréinu voru tendruð. Athöfnin var einkar hátíðleg, en þetta er 62. árið sem Óslóarbúar gefa Reykjavíkungum jólatré. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Samningur um landgræðslu undirritaður í síðustu viku: Skógrækt og ríkið í samstarfi

**UMHVERFISMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, skrifuðu í gær helgi undir samning vegna verkefnisins Landgræðslu-skógar. Markmið verkefnisins er að endurheimta landgæði með ræktun og gróðursetningu í rýrt og ógróið land.

Skógræktarfélag Íslands sér um stjórn verkefnisins, en skógræktarfélag á hverjum stað sjá um framkvæmd þess.

Samningurinn gildir til fimm ára og felur í sér árlegt 35 milljóna króna framlag. - skó



**SAMNINGUR UNDIRRIT- AÐUR** Magnús Gunnarsson og Sigurður Ingi Jóhannsson skrifuðu undir samning ríkis og skógræktar í gær. MYND/UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐU- NETIÐ

## Tilboð á TRICO rúðupurrkum



**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



# NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

**Aðeins íslenskt kjöt**  
í kjötborði

Ungnauta-hamburgari, 90 g  
**169** kr./stk.  
~~198 kr./stk.~~

**15% afsláttur**

ÍM kjúklingabitar  
**678** kr./kg  
~~798 kr./kg~~

Lamba-framhryggjarsneiðar  
**2248** kr./kg  
~~2498 kr./kg~~

**Bestir í kjöti**

**Ferskir í fiski**

Laxaflök, beinhreinsuð  
**1898** kr./kg  
~~2398 kr./kg~~

**15% afsláttur**

**Aðeins íslenskt kjöt**  
í kjötborði

Húsavíkur hangiframp., sagaður að þínum óskum  
**1358** kr./kg  
~~1598 kr./kg~~

# Tilboð í Nóatúni

Gildir frá 2. – 5. desember

**15% afsláttur**



Gul epli  
**379** kr./kg  
~~449 kr./kg~~

**15% afsláttur**



Perur, USA  
**379** kr./kg  
~~448 kr./kg~~



Pykkvabæjar kartöflur, gullauga og rauðar, 2 kg  
**549** kr./pk.  
~~589 kr./pk.~~

**Bakað á staðnum**

**20% afsláttur**



Jólabrauð  
**399** kr./stk.  
~~498 kr./stk.~~

## Matarsendingar til útlanda

Láttu okkur sjá um alla fyrirhöfnina – útvega vottorð, pakka og senda.

Nánari upplýsingar á [www.noatun.is](http://www.noatun.is)



FP Naan mini hvítlauksbrauð, 4 stk.  
**249** kr./pk.  
~~279 kr./pk.~~



Hleðsluskyr, hreint, 200 g  
**149** kr./stk.  
~~159 kr./stk.~~



Latabæjar orkumjólk, 250 ml, 2 teg.  
**109** kr./stk.  
~~124 kr./stk.~~



Mjólk gamaldags skyr m/krækiberjum, 190 g  
**129** kr./stk.  
~~149 kr./stk.~~

Opið til miðnættis alla daga **8·24**

# NÓATÚN

EXPO - www.expo.is  
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.





**ÁTÖK Í SÝRLANDI** 37 manneskjur létust í sprengingum í Sýrlandi um helgina.

## Mannfall í borgarastríði: 37 féllu í loftárás í Sýrlandi

**SÝRLAND, AP** Þyrlur sýrlenskra stjórnvalda slepptu tveimur öflugum sprengjum í tveimur árásum á þorpið al-Bab sem er í norðurhluta Sýrlands, skammt frá borginni Aleppo um helgina. Þorpið er í haldi uppreisnarmanna, en árásirnar urðu 37 manneskjum að bana.

Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, hefur mestmegnis nýtt sér loftárásir í baráttunni gegn uppreisnarmönnum en uppreisnarmenn stjórna einnig stórum hluta borgarinnar Aleppo sem er fjölmennasta borg Sýrlands. Þá hefur sýrlenski herinn einnig barist við uppreisnarmenn á Qalamounsvæðinu, skammt frá landamærunum við Líbanon til koma í veg fyrir að fleiri uppreisnarmenn komist inn í landið og hindri samgöngur.

# Rannsakenndur kynferðisbrotta á börnum fá sálsgæslu

Í frumvarpi til fjárukalaga er lagt til að Ríkislögreglustjóri fái fjármuni til að ráða sálfræðinga til að sinna sálsgæslu þeirra sem sinna rannsóknum á kynferðisbrotum gegn börnum. 32 milljónir króna verða settar í eflidar rannsóknir lögreglu og nokkrar milljónir til viðbótar fara til fræðslu- og átaksverkefna í grunnskólum.

**STJÓRN MÁL** Í frumvarpi til fjárukalaga er lagt til að á sjötta tug milljóna verði varið í að berjast gegn kynferðisofbeldi gegn börnum. Sprengja hefur orðið í þessum málaflokki á árinu en jafnmörg mál komu inn á borð lögreglu fyrstu þrjá mánuði þessa árs og komu allt árið 2012. Fyrsta umræða um frumvarpið fór fram á Alþingi síðastliðinn föstudag.

Samkvæmt frumvarpinu fær Ríkislögreglustjóri 32 milljónir króna til að ráða rannsóknarlögreglumenn tímabundið til að sinna rannsóknum á kynferðisofbeldi gegn börnum. Tveir lögreglumenn eru í Reykjavík, einn á Suðurnesjum og einn á Akranesi. Þá skiptist fjárveiting vegna stöðu eins lögreglumanns á milli sýslumannsembættanna á Akureyri og á Selfossi.

Þá er lagt til að ríkislögreglustjóri fái þrjár milljónir til að semja við tvo til þrjá sjálfstætt starfandi sálfræðinga til að sinna handleiðslu við starfsfólk sem sinnir rannsóknum og saksókn vegna kynferðisbrota á börnum.

Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu fær 6,5 milljónir til að bregðast við vandanum. Fjármunina á að nota í átaksverkefni, og til að ráða tímabundið aðstoðarsaksóknara til að sinna málaflokknum.

Ein milljón er eyrnamerkt í þjálfun lögreglumanna.

Þá fær Fangelismálastofnun fimm milljónir króna til að ráða sálfræðing tímabundið sem á að sinna þolendum og gerendum innan veggja fangelsa hér á landi.

Auk þessa á að setja þrjár milljónir króna í undirbúning að gerð fræðsluefnis um kynferðisofbeldi og klám fyrir miðstig grunnskóla.

johanna@frettabladid.is



**GRÍÐARLEG FJÖLGUN** Mikil fjölgun á kærur til lögreglu vegna kynferðisofbeldis gegn börnum kallar á auknar fjárveitingar frá ríkinu.

## Vakningarátak um ofbeldi gegn börnum

Í byrjun ársins var skipaður sérstakur samráðshópur þriggja ráðuneyta til að samhæfa framkvæmd stjórnvalda til að sporna við kynferðislegu ofbeldi, treysta burði réttarvörslukerfisins til þess að koma lögum yfir kynferðisbrotamenn og tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota. Nefndin lagði fram 27 tillögur til úrbóta sem sneru meðal annars að því að styrkja lögreglu, ákærvald og Barnahús til að takast á við aukinn fjölda kynferðismála gegn börnum. Auk þess lagði nefndin til að forvarnir yrðu eflidar svo og fræðslustarf, meðferðarúrræðum yrði fjölgað og stutt við bakið á félagsamtökum sem sinna þjónustu við slíka aðila. Í fjárukalögum er gert ráð fyrir að 79 milljónum króna verði varið til þessa.

## Kertaljós og skreytingar þarf að umgangast með varúð

Tryggið eldvarnir heimilisins, reykskynjarar, slökkvitæki og eldvarnarpakkar í miklu úrvali.



Tilvalið í bílinn eða ferðavagninn



Eldvarnarpakki 1

Tilboðsverð í vefverslun

**14.668 kr.**

Listaverð 22.741 kr.



Eldvarnarpakki 2

Tilboðsverð í vefverslun

**20.937 kr.**

Listaverð 32.460 kr.



Eldvarnarpakki 3

Tilboðsverð í vefverslun

**13.398 kr.**

Listaverð 20.772 kr.



Eldvarnarpakki 4

Tilboðsverð í vefverslun

**7.205 kr.**

Listaverð 11.171 kr.



Eldvarnarpakki 5

Tilboðsverð í vefverslun

**14.177 kr.**

Listaverð 21.980 kr.

Vefverslun með öryggisvörur á **oryggi.is**

Sími 570 2400 · **oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

**ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN**



# Láttu hjartað ráða



„Himneska súkkulaðið mitt er úr lífrænt ræktuðu hráefni og fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.“

*Sella*

**BONUS**

**HAGKAUP**



HIMNESKT



# Gefðu góða líðan í jólagjöf



## NUDDTÆKI MG-20

Verð áður kr. 4.900

**Jólaverð kr. 3.400**



## FÓTVERMIR

Verð áður kr. 6.995

**Jólaverð kr. 5.495**



## HITAPÚÐI 33\*44 CM

Verð áður kr. 5.495

**Jólaverð kr. 3.995**



## UNDIRTEPPI 150\*80 CM

Verð áður kr. 8.900

**Jólaverð kr. 7.400**

**PFAFF**

Pfaff Grensásvegi 13 Sími 414 0400 www.pfaff.is

# Kaupa sér ódýrari og sparneytnari bíla

Íslensk fyrirtæki sníða sér stakk eftir vexti og kaupa í auknum mæli minni og sparneytnari bíla. Fyrirtæki horfa lengra fram í tímann og talsmaður Mercedes Benz segir að nú sé lítið til þess hvað bílarnir komi til með að kosta á endanum.

**VIÐSKIPTI** Íslensk fyrirtæki kaupa í auknum mæli minni atvinnubíla en áður og sparneytnari. Þannig sníða þau sér stakk eftir vexti í breyttu viðskiptaumhverfi.

„Fyrirtæki eru ekki í neinu rosa-legu fjárfestingastuði almennt en þau sem eru að kaupa leita að hagkvæmum lausnum og kaupa heldur ódýrari og sparneytnari bíla,“ segir Páll Þorsteinsson, upplýsinga-fulltrúi Toyota.

Að sögn Páls eyða nýrri bílar mun minna bensíni en fimm til sjö ára gamlir bílar. „Ef þú ert með fyrirtækjabíl sem er verið að keyra kannski einhver hundruð kílómetra á dag þá er þetta svo fljótt að telja.“

Aðspurður segir hann þróunina vera hæga. „Fyrirtæki hafa almennt haldið að sér höndum í fjárfestingum en þau sem eru að kaupa bíla eru að leita eftir hagkvæmari bílum í rekstri.“ Nefnir hann hybrid-bensínbíla sem dæmi. „Þegar maður bremsar hendir maður orkunni en hybrid-bílarnir nýta þessa orku og búa til rafmagn úr henni.“

Ívar Sigþórsson, sölustjóri Volkswagen atvinnubíla, segir að það sem hafi breyst frá hrúni sé að fyrirtæki leiti í auknum mæli að bílum sem henta. Þar hafi minni sendibílar komið sterkt inn.

„Volkswagen Caddy er sem dæmi vinsælasti atvinnubíllinn á landinu.“



**SNÚA SÉR AÐ SPARNEYTNARI BÍLUM** Íslensk fyrirtæki sníða sér stakk eftir vexti í auknum mæli þegar bílakaup eru annars vegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Það segir eitthvað um breytingarnar á markaðnum,“ segir Ívar en Caddy er lítill kassalaga bíll með rennihurðum. „Það er tvennt sem hefur breyst. Auðvitað hefur eldsneytisverð áhrif og líka verð á bílum. Menn eru að sníða sér meira stakk eftir vexti.“

Ívar segir sterkar vísbendingar um að salan á stærri bílum sé að aukast og markaðurinn að stækka. Til marks um það hafi þeir í fyrsta sinn frá hrúni komist yfir tvö hundruð bíla sölumarkidi í ár.

Agnar Daníelsson, sölustjóri atvinnubíla hjá Mercedes Benz, segir að fyrirtæki horfi meira en

“Fyrirtæki hafa almennt haldið að sér höndum í fjárfestingum en þau sem eru að kaupa bíla eru að leita eftir hagkvæmari bílum í rekstri.“

Páll Þorsteinsson  
upplýsingafultrúi Toyota

áður í hagkvæmni í kaupum, hvað eyðslu og rekstur varðar.

„Þau eru ekkert endilega að kaupa ódýrari bíla heldur horfa þau meira í hvað bíllinn kostar þau á endanum. Menn horfa meira í að eiga bíllinn í fimm ár heldur en eitt eða tvö.“

freyr@frettabladid.is



## LJÓMINN Á SKILIÐ ÞAÐ LOF SEM HANN FÆR

Góðar uppskriftir ganga kynslóð fram af kynslóð og minningin um uppáhaldskökuna sem amma bakaði fylgir okkur alla tíð. Bragðið, lyktin úr ofninum ...

Kökurnar verða ljómandi með Ljóma.



Ljóma smjörflíki er eingöngu framleitt úr jurtaolium og án transítu.



Taktu þátt í Ljómaleiknum á Facebook  
– Facebook.com/ljomasmjorfliki  
Glæsileg Kenwood hrærvél í verðlaun.



# Gómsætt jól

Einstaklega ljúffeng samsetning,  
heilt kirsuber hjúpað súkkulaði.

24 stk. í pakka

**598** kr. pk.



Enn meira úrval í versluninni



9 Party minipizzur  
**598** kr. pk.



32 Party blandaðar vorróllur  
**898** kr. pk.



12 Party belgískt ís-konfekt  
**598** kr. pk.



Party eftirréttur með hindberjum  
**898** kr. pk.



60 Party blandaðir Kína-réttir  
**1598** kr. pk.



OPÍÐ ALLAN  
SÓLARHRINGINN

**ICELAND**  
**ENGIHJALLA**



**Iceland**



Persónuupplýsingum lekið á netið:

## Sök bítur sekan

**V**ið brugðumst trausti viðskiptavina,“ sagði Hrnannar Pétursson hreinskilinn í fréttum Stöðvar 2 á laugardag en þá um nóttina hafði tyrkneskur hakkari ráðist inn í tölvur fyrirtækisins, komist yfir gögn sem þar voru og sett á netið. Stór hluti gagnanna átti ekki að vera til því fjarskiptafyrirtækjum á borð við Vodafone ber skylda til að eyða gögnum viðskiptavina sinna þegar þau eru orðin sex mánaða gömul. Fyrirtækið var því með gögn undir höndum, margt viðkvæmar persónuupplýsingar, sem það átti ekkert með að búa yfir. Sum gagnanna ná aftur til ársins 2010.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Í heildina dreifði tyrkneski hakkarinn 80 þúsund sms-skeytum sem viðskiptavinir Vodafone sendu frá sér. Mörg skeytin voru til viðskiptavina annarra símafyrirtækja þannig

að lekinn snertir flesta, hvort sem um er að ræða viðskiptavini Vodafone eða ekki. Nú er til dæmis búið að opna vefsvæði á Facebook og víðar þar sem lesa má um persónuleg málefni fólks úti í bæ.

Um kvöldmatarleytið á laugardag barst yfirlýsing frá Vodafone þar sem fyrirtækið biðlaði til netverja að hætta að dreifa viðkvæmum persónuupplýsingum: „Birthing umræddra gagna getur haft í för með sér óafturkræfan skaða fyrir saklaust fólk. Við hjá Vodafone minnum á að aðgát skal höfð í nærveru sálar og höfðum til síðferðiskenndar fólks um að taka ekki þátt í að dreifa umræddum gögnum,“ sagði í yfirlýsingu frá Vodafone.

En það er ekki þar sem hundurinn liggur grafinn. Í raun er hér um dæmigert og hefðbundið yfirvarp að ræða sem snýst um viljann til að hengja bakara fyrir smíð. Þessar upplýsingar eru nú þegar á netinu og öllum aðgengilegar. Sökudólgarnir eru þeir sem áttu að gæta þess að gögnin væru örugg og þeim eytt innan tilskilins tíma. „Aðgát skal höfð í nærveru sálar,“ verður að skoða í því ljósi.

Það var fleira í gögnunum sem tyrkneski hakkarinn stal frá Vodafone en sms. Þrjátíu þúsund kennitölur viðskiptavina Vodafone, ásamt netföngum og símanúmerum og í mörgum tilfellum lykilorðum, eru komin á flakk. Lykilorðin eiga lögum samkvæmt að vera dulkóðuð og voru það í öllum tilfellum. Oft var reyndar ódulkóðuð lykilorð við hlið hins dulkóðuða. Við erum mörg kærulaus þegar kemur að lykilorðum og treystum fyrirtækjum og stofnunum í blindni. Þannig nota margir sama lykilorð fyrir Mínar síður hjá Vodafone og fyrir tölvupóst og jafnvel heimabanka. Þetta fór allt á netið um helgina.


Þegar rykið sest er nauðsynlegt að draga lærdóm af þessu máli. Fyrirtæki á Íslandi eru illa undir svona árársir búin og þeim mun bara fjölga á næstu misserum, eins og kom fram í máli Ýmis Vigfússonar, prófessors við Háskólann í Reykjavík. Á Íslandi höfum við oft gengið frjállega um persónulegar upplýsingar. Þannig komst það í fréttir fyrir nokkrum árum að sjúkraskýrslur lægju við ruslagám. Við höfum verið alltof kærulaus eins og þessi árás tyrkneska hakkarans sannar. Öll fjarskiptafyrirtæki á Íslandi verða að taka höndum saman og búa rækilega svo um hnútana að ekkert í líkingu við þennan ótrúlega leka gerist aftur hér á landi.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

## DÝRGRIPUR



Jón Yngvi Jóhannsson / Fréttablaðið



Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið



www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Stóri tékkinn kominn fram

Jæja, þá er búið að sýna á stóra tékkann. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynntu leiðréttingapakkan með pompi og prakt á laugardag. Tékkinn er talsvert minni en væntingar voru gefnar fyrir, en lausnin er að sækja fjármunina annars vegar til fjármála-fyrirtækjanna og slitastjórna með bankaskatti og hins vegar bjóða upp á skattaniðurfellingu til þeirra sem leggja séreignarsparnað inn á höfuðstól lána sinna. Gott og vel. Þetta er niðurstaðan. Vonandi kemur hún sem flestum vel og ekki er að sjá að þetta komi til með að hækka skuldir ríkissjóðs.

#### Auðveldu skotmörkin

En eftir stendur að þarna eru peningar sóttir af ríkissjóði á frekar auðveld og ósympatísk skotmörk, þ.e. fjármálafrirtæki og slitastjórni, og ráðstafað í afmarkað verkefni (vel að merkja að ríkið á sjálft meiri eða minni hluti í mörgum þeirra). Væri þá ekki bara hægt að skrúfa aðeins upp í prósentunni og jafnvel lækka skuldir ríkisins, sem kosta ríkið tugi milljarða á ári í vaxtagreiðslur?

Svo eru margir í hópi stuðningsmanna stjórnarflokka mikið fyrir það að bera saman óskylda útgjaldalliði ríkisins. Þeim ætti kannski að vera í lófa lagið að spyrja sig hvort við,



sem þjóð, höfum efni á því að verja skattþeningum í skuldaniðurfærslu á meðan skólakerfið er fjársvelt og Landsþítalinn er á heljarþróm?

#### Stóri misskilningurinn

Vefritið Andríki er jafnan álitnið eins konar samviska frjálshyggjufólks hér á landi og er óspart við að láta ráðafólk heyra það. Varðandi þessa lausn segir þar meðal annars að það sé „alger misskilningur ef einhver heldur að [þessi ráðstöfun bankaskatttekna] kosti ríkið ekki neitt af því að það fékk peninginn með nýjum skatti“. Þá bættu þeir því við að um væri að ræða „risavaxna ríkis-ábyrgð“ og „þjóðnýtingu á einkaskuldum“.

thorgils@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Er hjúkrun aldraðra afgangsstærð?

#### KJARAMÁL



Ólafur G. Skúlason formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Það fór ekki fram hjá neinum þegar hjúkrunarfræðingar á Landspítala sögðu upp störfum síðastliðinn vetur og hrundu þannig af stað atburðarás sem olli því að þáverandi ríkisstjórn setti af stað jafnlaunaáttak. Svo fór að hjúkrunarfræðingar sem vinna á stofnunum ríkisins fengu leiðrétt laun sín upp að vissu marki og var það vissulega fyrsta skrefið í rétta átt til þess að jafna launamun kynjanna.

Þessa leiðréttingu hafa hins vegar einungis fengið hjúkrunarfræðingar, og aðrar kvennastéttir í heilbrigðisþjónustu, sem starfa hjá ríkinu.

Nú er það svo að hjúkrunarfræðingar sem vinna á stofnunum sem tilheyra Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu sem flest hjúkrunarheimili tilheyra, hjá Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og Reykjalundi hafa enga leiðréttingu fengið og er nú svo komið að verulegur launamunur hefur skapast á milli hjúkrunarfræðinga eftir því hver vinnuveitandi þeirra er. Mér þykir skrítið að ekki sé gengið alla leið í jafnlaunaátakinu þar sem flestar stofnanir þessara vinnuveitenda eru að miklu leyti fjármagnaðar

 Trafficco rafmagnsvespa	 Sagaform POP tekanna	 Wasgij Original nr. 10 - steiktur fiskur	 Point of View 7" 3G spjaldtölva	 Eldvarnarpakki fyrir heimili	 Apple iPad4 WiFi/4G 16GB	 Kitchen Craft hnifasett, 3 stk.	 Landnemarnir á CATAN	 Wowow Dark jakki, endurskin 2.0	 DeLonghi NESCAFÉ® Dolce Gusto® Circolo	 Weber hamborgarapressa
 LEGO Super Hero Hulk	 Malmsten Aqtv sundgleraugu	 Benecos Happy Nails naglalakk	 Noonfactory kökudiskur	 HP Deskjet 2510 AIO fjölnotaprentari	 Stiklur 1977-2005	 Braun ESW-1 sléttu-, wave- og krullujárn	 Sony þráðlaus heyrnartól	 Apple Nýr iPod touch 32GB, blár	 Fissler London pottasett, 5 stk. með glerlokum	 Remington Luxe Dryer hárlásari 2200W



**SAMBÍÓIN**

VINCE VAUGHN  
**DELIVERY MAN**

FRÁBÆR GAMANMYND FADIR 533 BARNNA. BARA VESEN!

★★★★★

DELIVERY MAN KL. 5:20 - 8 - 10:40

DELIVERY MAN VIP KL. 5:20 - 8 - 10:40

THE FIFTH ESTATE KL. 8 - 10:40

THOR - DARK WORLD 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30

BAD GRANDPA KL. 5:50

PRISONERS SEÐUSTYNGAR KL. 6 - 9

**EGILSHÖLL**

DELIVERY MAN KL. 5:40 - 8 - 10:20

STAND UP GUYS KL. 10:10

ENDER'S GAME KL. 5:30

ESCAPE PLAN KL. 5:30 - 8 - 10:30

THOR - DARK WORLD 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30

GRAVITY 3D KL. 8

**KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI**

DELIVERY MAN KL. 5:20 - 8 - 10:40

THE FIFTH ESTATE KL. 5:20 - 10:10

ESCAPE PLAN KL. 10:30

THOR - DARK WORLD 2D KL. 5:30 - 8

BAD GRANDPA KL. 8

**KEFLAVÍK**

DELIVERY MAN KL. 8 - 10:20

HUNGER GAMES: CATCHING FIRE KL. 10:10

STAND UP GUYS KL. 8

**AKUREYRI**

DELIVERY MAN KL. 5:40 - 8

THE FIFTH ESTATE KL. 8

ENDER'S GAME KL. 5:30

ESCAPE PLAN KL. 10:40

THOR - DARK WORLD 3D KL. 10:20

TRYGGDU ÆR MIÐA Á SAMBÍÓIN

**SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ**

THE HUNGER GAMES  
**CATCHING FIRE**

LÚXUS

PRINCE AVA LANCHE KL. 5:50 - 8

THE HUNGER GAMES 2 KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9

THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS KL. 5 - 8

THE COUNCELOR KL. 8 - 10:30

CAPTAIN PHILIPS KL. 10:10

FURÐUFUGLAR 2D KL. 3:30

TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL KL. 3:30

**HÁSHÓLA BÍÓ**

THE PAST KL. 5:15 - 10:15

NORTHWEST KL. 10:45

THE HUNGER GAMES 2 KL. 6 - 8 - 9

PHILOMENA KL. 5:45 - 8

CAPTAIN PHILIPS KL. 8

HROSS Í OSS KL. 6

**BORGAR BÍÓ** NÁNAR Á MIÐLIS

THE HUNGER GAMES 2 KL. 6 - 9 - 10

NORTHWEST KL. 6 - 8

Miðasala á: [midi.is](http://midi.is) og [eMiði](http://eMiði)

**LAUGARÁS BÍÓ**

"ÞAÐ BESTA SEM HEFUR KOMIÐ FRÁ HOLLYWOOD Í LANGAN TÍMA"

THE HUNGER GAMES  
**CATCHING FIRE**

PHILOMENA

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

HUNGER GAMES 2 6, 7, 9, 10

PHILOMENA 5:50, 8

CARRIE 10:10



**ENGAR FÓSTRUR TAKK** Kate er hörd á sínu.

## Vill ekki barnfóstru

Kate Middleton, hertogaynjan af Cambridge, vill forðast það að ráða barnfóstru fyrir son sinn George.

„Kate vill ekki að George sé vanari því að sjá þjónustufólk en sína eigin foreldra. George hefur gefið lífi hennar nýja merkingu,“ segir heimildarmaður tímaritsins US Weekly.

Kate og eiginmaður hennar, Vilhjálmur prins, eignuðust George síðasta sumar.

„Þau sjá hvernig vinir þeirra ala upp börn og þau vilja ekki gera það öðruvísi en aðrir. Þau vilja hafa umhverfi Georges eðlilegt,“ bætir heimildarmaðurinn við.

## Leikarinn Paul Walker látinn

Bandaríski leikarinn Paul Walker lést í bíslýsi í borginni Santa Clarita í Kaliforníu á laugardag aðeins fertugur að aldri.

Hann var farþegi í Porsche-bifreið sem skall á tré og kviknaði í bílnum í kjölfarið. Walker lést við það ásamt bílstjóra bifreiðarinnar.

Walker lék í hinum gríðarlega vinsæla Fast and the Furious-myndaflokki, en meðal annarra kvikmynda hans eru Varsity Blues, Into the Blue, She's All That og Takers.

Sjöunda Fast and the Furious-myndin er í framleiðslu og leikur Walker í henni.

Fjölmargir leikarar, og aðrir sem tengjast kvikmyndaiðnaðinum í Hollywood, hafa minnst Walkers á samskiptamiðlunum, þar á meðal meðleikari hans í Fast and the Furious-myndunum Vin Diesel. Á Instagram-síðu sinni segist hann vera orðlaus yfir dauða vinar síns. Nýr engill sé nú farinn upp til himna.

Þá hafa margir aðdáendur hans sett inn minningarorð um leikarann á Facebook-síðu og Instagram-síðu hans.



**MIKIL SORG** Leikarinn Paul Walker lést um helgina í bíslýsi aðeins fertugur að aldri.

NORDICPHOTOS/GETTY

## ?fallahj?lp

**BAKPANKAR** Hauks Viðars Alfreðssonar

Viðskiptavinir Vodafone fengu harkalegan löðrung um helgina þegar í ljós kom að um 80 þúsund SMS-skilaboð, ódulköðuð lykilorð og fleira gotteri frá þeim hafði verið sett á internetið af tyrkneskum hakkara fyrir allra augum. Í dauðans ofboði sótti ég hið illa fengna skjal, opnaði í Wordpad og sló símanúmerinu mínu inn í leitina. Það var mér mikill léttir þegar ég fann ekkert krassandi frá mér eða til mín, en ekki voru allir svo heppnir.



Því miður hafði ég ekki sjálfstjórn til þess að loka skjalinu. Fyrst fannst mér ég tilneyddur til þess að slá inn leitarorðum á borð við „typpi“, „p?ka“, „sj?ga“, „putta“, og fleira í þeim dúr (spurningamerki leystu séríslenska stafi af hólm í skjalinu), og nei, ég er ekki þroskaðri en þetta. Þegar kynlífsórar samlanda minna birtust í bunum fór mér að líða einkennilega. Ekki vegna þess að þeir væru svo svæsnið heldur

vegna þess að á öxl minni birtist bústinn og skeggjaður engill sem sagði mér að ég væri að gera rangt. Ég lokaði því skjalinu og skammaðist mín.

Nú eiga eflaust margir um sárt að binda vegna málsins og við þá vil ég segja: Allir eru að gera það! Flestir á „SMS-aldri“ eru kynferðislega virkir og fantarnir sem birtu fantasiur ykkar á þar til gerðri Facebook-síðu hafa pottþétt allir sent jafn vandræðaleg skilaboð sjálfir til ótal karla og kvenna. Öll erum við að reyna að r??a sem oftast og mest, og þar er síminn þarfasti þjónninn.

EN málið er auðvitað mun alvarlegra en svo að nokkur (ókei, rosalega mörg) klúr smáskilaboð hafi ratað í rangar hendur. Þarna brást risastórt fyrirtæki viðskiptavinum sínum og olli óbætanlegu tjóni. Þetta verður án efa rannsakað frekar og það kæmi mér ekki á óvart þó að málið færi fyrir dómstóla. En þangað til það gerist getum við öll látið okkur hlakka til klúrasta Áramótakaups frá upphafi. Já, börnin fara snemma í háttinn í ár, að því gefnu að enn sé til peningur fyrir skaupi.



**GÓÐIR GESTIR** Friðrik Sophusson og dóttir hans, listakonan Gabriela Friðriksdóttir.



**FLOTT SÝNING** Emil var einn þeirra sem sýndu skartgripalínuna.

# Glæsileg tískusýning Orra Finn á Loftinu

Helga Gvuðrún Friðriksdóttir og Orri Finnbogason kynntu skartgripalínuna Scarab á Loftinu í Austurstræti á fimmtudagskvöld. Það var margt um manninn á tískusýningunni sem var hin glæsilegasta, eins og hér má sjá á myndum sem ljósmyndarinn Brynjar Snær tók.



**HÖNNUNARTEYMIÐ ORRI FINN** Orri Finnbogason og Helga Gvuðrún Friðriksdóttir.



**VINIR** Alexander Kirchner og Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir stílisti. MYND/BRYNJAR SNÆR



**LISTAMENN** Harpa Einarsdóttir, myndlistarkona og hönnuður, og Snorri Engilbertsson leikari. MYND/BRYNJAR SNÆR

**BIO PARADIS EUROPA CINEMAS**

**PARADÍS: VON** "IT COULD BE HIS BEST FILM SO FAR" - THE GUARDIAN

**LUKAS MOODYSSON** SVT KLAPPIRE

**THE BROKEN CIRCLE BREAKDOWN** BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI TRIBECA 2013

**Barnaheill** Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... Það er barndóm að missa barnið eða missa barnið eða að missa barnið.

SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas





# Sjá, ég boða yður mikinn fögnuð!



## ÍSLENSKA TEIKNIBÓKIN

A miðöldum bjuggu listamenn til handbækur með myndefnum sem þeir notuðu við vinnu sína og gengu mann fram af manni. Þessi handrit tyndust flest eða eyddust og nú er aðeins vitað um þrjátíu slík handrit í Evrópu. Á Norðurlöndum er aðeins til eitt: Íslenska teiknibókin. Hún er ein af faum minjum um íslenska miðaldalífið. Nýjar rannsóknir og ný framsetning bæta áður óþekktum kalla við sögu íslenskrar myndlistar.

ÍSLENSKA TEIKNIBÓKIN

Guðbjörg Kristjánsdóttir  
Tilnefnd fyrir Íslensku teikni-  
bókina í flokki fræðirita.

„Íslenska teiknibókin er svo falleg og vel úr garði gerð að það er hrein unun að fletta henni. Hún er ekki bara bók fyrir þá sem hafa áhuga á fornum fræðum eða myndlist. Þetta er bók fyrir alla fagurkera. Og þeir finnast þó nokkrir hér á landi enn — sem betur fer“

Kolbrún Bergþórsdóttir  
Morgunblaðið



## Fékk símtal að utan vegna Portsmouth

**FÓTBOLTI** „Ég fékk símtal frá félagi sem er aðeins innanundir hjá Portsmouth. Heyrði bara í mér hljóðið og var að spá hvort ég ætlaði ekki að sækja um starfið,“ segir Hermann Hreiðarsson.

Enska götublaðið Mirror greindi frá því í gær að Hermann og David James hefðu í sameiningu sótt um laust stjórnarstarf hjá Portsmouth. Hermann segist vissulega hafa heyrt í James eftir að hann fékk símtalið að utan. Hins vegar hafi



hann ekkert heyrt í kjölfarið og eigi ekkert endilega von á því.

„Það væri eins hægt að segja að við værum að sækja um hjá Manchester United,“ segir Hermann léttur. Hann heldi þó öllum dyrum opnum og forráðamenn Portsmouth séu með símanúmerið hans vilji þeir heyra frekar í honum.

- ktd

## Jói Kalli kannski í Fram en ekki í Val

**FÓTBOLTI** „Við erum ekkert að vesenast í honum lengur,“ segir Börkur Edvardsson, formaður Knattspyrnudeildar Vals, um áhuga félagsins á Jóhannesi Karli Guðjónssyni. Miðjumaðurinn hefur verið orðaður við Fram og Val undanfarnar vikur eftir að ÍA sagði kappann til sölu.

„Við náðum samkomulagi við Skagamann en drögum svo tilboð okkar til hans til baka,“ segir Börkur. Hann segir Jóhannes Karl hafa átt í erfiðleikum með að gera upp hug sinn og Valsmenn því hætt við tilboð sitt. „Það var samt allt í góðu.“

Sveinn Einarsson, kollegi Barkar

hjá Fram, segist hafa heyrt í Jóhannesi Karli í síðustu viku. Þó sé ekki búíð að ganga frá neinu. Hæg ættu heimatök Framara að vera enda Bjarni Guðjónsson, þjálfari Framara, bróðir Jóhannesar.

„Bjarni ætlar ekki að borga þannig að það lendir alltaf á okkur,“ segir Sverrir léttur. Framarar hafa verið í sérflökki á félagaskiptamarkaðnum í haust en hafa einbeitt sér að ungum og óþekktum leikmönnum.

„Okkur vantar svolítið kjöt í þetta,“ segir Sverrir. Hann reiknar með því að málin muni skýrast í vikunni.

- ktd



SKAGAMAÐUR Jói Kalli ætlar ekki að spila með ÍA í næstefstu deild.

MYND/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON

## Ekkert lát á stórsigrum Man. City

Ljósbláa liðið í Manchester stefnir hraðbyri að nýju markameti í deildinni.

**FÓTBOLTI** Manchester City tók Swansea í kennslustund með 3-0 sigri á heimavelli sínum í ensku úrvalsdeildinni í gær. Úrslitin ættu ekki að koma neinum á óvart enda hafa þeir ljósbláu verið gjör-samlega óstöðvandi á heimavelli það sem af er leiktíð.

City hefur unnið alla sjö leiki sína á heimavelli og er markatalan úr leikjum sjö 29-2. Það svarar til rúmlega fjögurra marka að meðaltali í leik.

Gengi liðsins á heimavelli og útivelli er hins vegar svart og hvítt. Liðið hefur aðeins unnið einn leik á útivelli jafnvel þótt andstæðingarnir hafi ekki verið sterkir. Eins marks tap gegn Chelsea úti er enginn

heimsendir en stuðningsmenn eiga erfiðara með að sætta sig við töp á útivelli gegn Cardiff, Aston Villa og Sunderland.

„Ýmist reynist dómarið okkur erfiður á útivöllum, stuðningsmenn andstæðingsins eða mót-herjinn sjálfur,“ sagði Yaya Toure við breska fjölmiðla um ólíkt gengi liðsins heima og úti. Ekkert lið sem hefur tapað fjórum af fyrstu ellefu leikjum sínum í deildinni hefur staðið uppi sem sigurvegari. Enginn skyldi þó afskrifa City.

Hvort City verði Englandsmeistari eða ekki geta menn rökrætt fram og til baka. Liðið er þó

komið í kjörstöðu til að slá markamet Chelsea frá tímabilinu 2009-2010. Liðið lauk leiktíðinni á 8-0 sigri gegn Wigan og urðu mörkin í leikjum 38 það tímabilið 103. Didier Drogba fór fyrir liðinu í markaskorun með 29 mörk sem tryggðu honum gullskóinn.

Sergio Agüero, framherji City, er markahæstur í deildinni með 10 mörk en Alvaro Negredo (6 mörk), Yaya Toure (5 mörk) og Samir Nasri (4 mörk) hafa lagt hönd á plóg. Liðið hefur skorað 37 mörk í fyrstu 13 leikjum tímabilsins en Chelsea hafði á sama tíma í nóvember 2009 skorað 33 mörk.

- ktd

## visir.is

Allt um leiki helgarinnar



TVEIR GÓÐIR Bjarki Már (til hægri) ásamt Guðjón Val Sigurðssyni fyrir viðureign Kiel og Eisenach í haust.

MYND/ADSEN

## Ætti að vera í 100 mörkum

Bjarki Már Elísson komst aldrei þessu vant ekki á blað með Eisenach um helgina. Nýliðarnir eru í basli á botninum en Bjarki segir liðið á góðu róli.

**HANDBOLTI** Óhætt er að segja að Bjarki Már Elísson hafi slegið í gegn í þýsku úrvalsdeildinni það sem af er leiktíð. Hann fékk sig lausan frá HK í sumar og einsetti sér að halda í atvinnumennsku. Lítið virtist ganga í þeim efnum og fór svo að hann samdi við FH.

„Ég gæti alveg eins hafa verið að spila í Hafnarfjarðarslagnum í síðustu viku,“ segir Bjarki sem tekur undir með blaðamanni að hlutirnir geti gerst hratt. Þannig hafi það svo sannarlega verið í þess tilfalli þegar síminn hringdi óvænt frá Aðalsteini Eyjólfssyni, þjálfara Eisenach.

„Ég fékk símtal frá Alla á föstudegi og var kominn út á sunnudegi. Þetta var aðeins tíu dögum áður en ákvæði í samningi mínum um að mega yfirgefa FH átti að renna út,“ segir hornamaðurinn sem skoraði þrjú mörk í sínum fyrsta leik með liðinu. Nú eftir 16 leiki er hann markahæstur Íslendinga í sterkustu deild í heimi með 64 mörk eða 4 mörk að meðaltali í leik.

„Það hefur gengið mjög vel að aðlagast. Ég fæ að spila helling og nýt mikils trausts,“ segir Fylkismaðurinn uppald. Hann viðurkennir að hafa átt lélega leiki inn á milli en fleiri hafi verið góðir.

„Ég er svo metnaðarfullur að mér finnst að ég ætti að vera kominn með 100 mörk en ekki 64. Mig langar að enda tímabilið á meðal 25 markahæstu leikmanna deildarinnar,“ segir Bjarki Már. Lykillinn í velgenginni sé spilatíminn enda hafi það vegið þungt þegar skrifað var undir samninginn.

„Ég er svo oft búinn að svekkja mig á því að vera ekki valinn að ég myndi líta á það sem bónus.“

Bjarki Már Elísson

Mikil samkeppni er um stöðu vinstri hornamanns í íslenska landsliðinu. Guðjón Valur Sigurðsson hefur staðið vaktina þar lengi og erfitt fyrir nokkurn að veita Seltirningnum eldfljóta samkeppni.

„Ég er svo oft búinn að svekkja mig á því að vera ekki valinn að ég myndi líta á það sem bónus,“ segir Bjarki Már um möguleika sína á að komast í landsliðshópin fyrir EM í Danmörku í janúar.

„Ég hef tvisvar verið í æfingahópi fyrir stórmót en ekki farið með. Það er auðvelt að leggjast í eitthvað svekkelsi en nú lít ég bara á það sem bónus.“

Aðspurður um stöðu Eisenach sem situr í fallsæti segir Bjarki Már að menn megi ekki gleyma stærð félagsins. Liðið hafi verið síðasta liðið til að koma upp úr b-deildinni síðastliðið vor og skrytið að það komi fólk á óvart að liðið sé í botnbaráttu.

„Við erum nýliðar og leikmenn með ekki það há laun. Við erum nokkuð ánægðir með stigin sjö á þessum tímamarki. Þau gætu verið aðeins fleiri en einnig aðeins færri. Við erum bara á ágætu róli í dag.“

kolbeintumi@frettabladid.is

## JEPPAR Í GÓÐU ÚRVALI

Sparneytinn og sportlegur dísil jeppi



► Tilboð: 4.390.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S AWD** TKV42  
Skráður apríl 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 65.000 km.  
Ásett verð: 4.790.000 kr. / ábyrgð

## FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA

Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna

**400.000 KR.**

GJAFABRÉF FRÁ WOW<sup>air</sup>\*

Hvert myndir þú fara?



► FINNDU BÍLINN ÞINN Á  
**NOTADIR.BRIMBORG.IS**



7 manna og vel búinn

► Tilboð: 2.390.000 kr.

**Ford Explorer Eddie Bauer 4x4** VS425  
Skráður maí 2007, 4,0i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 94.000 km.  
Ásett verð: 2.790.000 kr.



Rúmgóður og öflugur sportjeppi

► Tilboð: 3.280.000 kr.

**Ford Escape XLT AWD** PMM87  
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 77.000 km.  
Ásett verð: 3.580.000 kr.

Skoðuðu úrvalið á

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar - Brimborg

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

\*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umbodssölubíla.





**PEKKJAST VEL** Guðmundur Hreiðarsson og Stefán Logi náðu vel saman hjá KR.

## KR-ingar vilja Stefán Loga

**FÓTBOLTI** „Mér finnst nú líklegt að þetta verði klárað snemma í vikunni,“ segir Hannes Þór Halldórsson. Markvörðurinn á í viðræðum um kaup sín og kjör hjá norska úrvalsdeildarliðinu Sandnes Ulf en KR-ingar tóku tilboði norska félagsins í Hannes Þór á dögnum.

Flest bendir til þess að báðir markverðir KR-inga yfirgefi félagið. Rúnar Alex Rúnarsson er eftirsóttur af félögum erlendis og er Nordsjælland í Danmörku eitt þeirra liða sem sýna honum mikinn áhuga.

„Ég tel mun meiri líkur en minni á að Alex fari líka,“ segir Rúnar Kristinsson, faðir Rúnar og þjálfari KR-inga.

Stefán Logi Magnússon æfði með KR-ingum í síðustu viku. Hann spilaði með KR árin 2007-2009 áður en hann gekk í raðir Lillestrøm í Noregi.

„Við getum ekkert gefið okkur að Stefán vilji koma í KR. Við munum ræða við hann og athuga hvort það sé hans vilji eins og okkar,“ segir Rúnar. Hann segir stórt atriði að Guðmundur Hreiðarsson, markvarðarþjálfari Vesturbæjarliðsins, og Stefán Logi nái vel saman sem þeir gera.

„Það skiptir mestu fyrir leikmann að vera með þjálfara sem hann trúir, treystir og talar sama tungumál.“

- ktd



**FRAKKAR** Gouffran og Remy fagna marki um helgina.

## Frönsk mörk fyrir utan eitt

**FÓTBOLTI** Yoan Gouffran og Moussa Sissoko skoruðu mörk Newcastle í 2-1 sigrinum á West Brom í ensku úrvalsdeildinni um helgina. Þeir eru báðir Frakkar.

Innrás Frakka í Newcastle undir stjórn Alans Pardew hefur ekki farið framhjá neinum. Fimm Frakkar voru í byrjunarliði liðsins í gær og þrír sátu á bekknum.

Newcastle hefur skorað 19 mörk í deildinni það sem af er leiktíð og hafa 18 markanna verið skoruð af Frökkum. Það svarar til 95% allra marka eða allra nema eins. Það mark skoraði Walesverjinn Paul Dummett.

Þeir svörtu og hvítu hafa nú unnið fjóra leiki í röð og eru komnir í 5. sæti deildarinnar.

Aðeins hjá Lyon í Frakklandi hafa franskir leikmenn skorað fleiri mörk á leiktíðinni eða 20. 17 mörk hafa komið frá frönskum leikmönnum hjá Marseille og 16 hjá St Etienne.

- ktd

**Mörk Newcastle:**  
Loic Remy 8  
Yoan Gouffran 4  
Yohan Cabaye 2  
Hatim Ben Arfa 2  
Mathieu Debuchy 1  
Moussa Sissoko 1  
Paul Dummett 1

# Mæla þrek og styrk í vikunni

Kvinnalandsliðið æfir af krafti í vikunni í kjölfar leikjanna þriggja gegn Sviss.

**HANDBOLTI** „Það var mikill stífgandi í leik liðsins á milli leikja. Sá fyrsti var ekki góður, miðleikurinn var virkilega góður í 40-45 mínútur og sá síðasti mjög vel útfærður,“ segir Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari kvinnalandsliðsins.

Stelpurnar töpuðu fyrsta æfingaleik sínum gegn Sviss á fimmtudag en unnu leikina á föstudag og laugardag.

Fjölmarga lykilmenn vantaði í lið Íslands. Rákel Dögg Bragadóttir, Rut Jónsdóttir og Stella Sigurðardóttir meiddust allar fyrir helgi

en fyrir voru Framararnir Ásta Birna Gunnarsdóttir og Steinunn Björnsdóttir frá vegna meiðsla.

„Auðvitað var svekkjandi að lenda í þessum meiðslum. Við vorum án mikilla lykilmanna sem hefði verið gott að nýta tækifærið og vinna með,“ segir Ágúst. Hann bætir því við að Anna Úrsúla Guðmundsdóttir sé að komast á skrið eftir barnsburð og það muni um fjarveru hennar. Þá var Ramune Pekarskyte ekki valin í hópinn.

„Þó að það séu engin kynslóðaskipti horfi ég til framtíðar og vil

yngja liðið hægt og rólega. Þó spyr ég ekki um aldur á meðan leikmenn eru nógu góðir.“

Íslenska landsliðið mun æfa hér á landi í vikunni. Stelpurnar munu meðal annars gangast undir bæði þrek- og styrktarpróf.

„Hraði og líkamlegur styrkur hefur verið hvað mest ábótavant hjá okkur,“ segir Ágúst en stelpurnar munu ýmist æfa einu sinni eða tvisvar á dag í vikunni.

Landsliðið hittist næst í mars er liðið mætir Frökkum í tveimur leikjum í undankeppni EM.

- ktd



**ÍRIS BJÖRK** Ágúst var ánægður með frammistöðu allra þriggja markvarða Íslands í leikjunum þremur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný þjónusta:

# Beint samband við ráðgjafa með Netspjalli



Netspjall  
Íslandsbanka

## Netspjall í tölvu, snjallsíma og spjaldtölvu

Með Netspjalli Íslandsbanka kemstu í samband við ráðgjafa á einfaldan og þægilegan hátt. Netspjallið er opið frá 8.30-17.00 og þar getur þú fengið upplýsingar um þjónustu bankans.

Engar fjárhagslegar upplýsingar fara um Netspjallið en ráðgjafinn leiðbeinir þér og vísar áfram á réttan aðila þegar svo ber undir.

Prófaðu Netspjallið á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is)

## Netspjallið:

- Beint samband við ráðgjafa
- Upplýsingar um þjónustu
- Opið 8.30-17.00

Við bjóðum  
góða þjónustu

[islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) | Sími 440 4000

Íslandsbanki



## Rooney upp fyrir Fowler

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney skoraði bæði mörk Manchester United í 2-2 jafnteflinu gegn Tottenham. Mörkin komu honum í 5. sæti yfir markahæstu menn frá stofnun ensku úrvalsdeildarinnar.

Rooney hefur skorað 164 mörk og andar ofan í hálsmálið á Frank Lampard sem situr í fjórða sæti með 168 mörk. Aðeins einn í viðbót á topp tíu listanum er enn að spila, Robin van Persie sem hefur skorað 129 mörk.

Alan Shearer leiðir listann með 260 mörk, svo kemur Andy Cole með 188 mörk og í þriðja sæti er Frakkinn Thierry Henry með 175 mörk. -kt



**BEST Í FYRRIA** Matthildur Ylfa og Jón Margeir voru heiðruð í fyrria.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Pau bestu í ár heiðruð í dag

**SÆMDARHEITI** Tilkynt verður í dag hvaða íþróttakarlar og -kona hljóta sæmdarheitið íþróttafólks ársins 2013 úr röðum fatlaðra.

Jón Margeir Sverrisson, sundkappi úr röðum Fjölnis og Aspar, hlaut titilinn í karlaflokk í fyrria. Hann varð þá Ólympíumeistari í 200 metra skriðsundi í flokki þroskahamlaðra.

Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakar og sundkona hjá ÍFR, hlaut viðurkenninguna í kvennaflokk. Matthildur komst í átta manna úrslit í langstökki í flokki spastískra á Ólympíumótinu í London. Þá setti hún fjölmörg Íslandsmet líkt og Jón Margeir.

Fróðlegt verður að sjá hverjir hljóta viðurkenninguna í ár á hófi á Hótel Sögu. -kt



**PRENNA** Bale fór venju samkvæmt heim með boltann.

NORDICPHOTOS/AFP

## Sá fyrsti í 26 ár

**FÓTBOLTI** Það tók Walesverjann Gareth Bale aðeins þrettán leiki með Real Madrid til að skora sína fyrstu þrennu fyrir spænska risann. Bale nýtti sér fjarveru Cristiano Ronaldo vegna meiðsla og skoraði með hægri fæti, vinstri fæti og kollinum í 4-0 sigri á Real Valladolid um helgina. Ronaldo skoraði ekki þrennu fyrr en í sínum 62. leik fyrir Real.

Bale varð fyrsti Bretinn í 26 ár til þess að skora þrennu í spænsku úrvalsdeildinni. Það gerði Gary Lineker síðast árið 1987 fyrir Barcelona. Þá lagði Bale upp fjórða mark Real í leiknum fyrir Karim Benzema.

Bale, sem varð dýrasti knattspyrnumaður í heimi við 91 milljónar evra félagaskiptin frá Tottenham í sumar, hefur nú skorað 7 mörk og lagt upp 6 í 9 deildarleikjum með Real. Við bætast 2 mörk í Meistaradeildinni og 3 mörk fyrir landslið Wales í undankeppni HM í haust. Bale hefur því komið að 18 mörkum í 15 leikjum það sem af er tímabili. Ágætis byrjun. -kt

# Fékk að gráta á öxl Arons

Jóhann Berg Guðmundsson skoraði sitt fimmta mark í sjö leikjum í Evrópudeildinni á fimmtudag. Kantmaðurinn er í fantaformi en tók sinn tíma í að jafna sig á tapinu gegn Króötum í umspilinu um sæti á HM.

**FÓTBOLTI** „Ég er eitthvað sérstaklega góður á fimmtudögum. Það eru mínir dagar og hafa góð áhrif á mig,“ segir landsliðsmaðurinn eldhressi Jóhann Berg Guðmundsson. Kópavogsbúinn uppaldi var enn eina ferðina á skotskónum með AZ Alkmaar í 2-0 sigri á Maccabi Haifa í riðlakeppni Evrópudeildar á fimmtudag í síðustu viku.

Jóhann Berg viðurkennir að hann skilji nú ekki alveg hvaðan mörkin í Evrópudeildinni koma. Hann fagni þeim hins vegar og þau séu í takt við tímabilið sem hafi verið sérstaklega gott fyrir sig og liðið.

„Ég er búinn að spila mjög vel og vera í hlutverki í landsliðinu,“ segir Jóhann Berg sem bendir á að þjálfaraskiptin hjá hollenska félaginu í október hafi reynst sér vel. Þá tók reynsluboltinn Dick Advocaat við af Gertjan Verbeek.

„Verbeek gerði fína hluti fyrir klúbbinn er var ekki minn tebolli. Eftir að Dick kom inn þá hefur allt breyst. Hvernig hann ræðir við mann, hrósar manni og allt er á mannlegum nótum.“

Kantmaðurinn viðurkennir að dagarnir eftir tap íslenska landsliðsins í Króatíu hafi verið erfiðir. Strákarnir okkar töpuðu á þriðjudagskvöldi og Jóhann Berg var svo mættur til æfinga á fimmtudegi hjá AZ. Greinilegt var að úrslit leiksins sátu í honum.

### Mikill pirringur á æfingu

„Ég var mjög pirraður á æfingunni og Dick sá það. Hann kom til mín og sagði að ég mætti vera pirraður þann daginn. Á æfingunni daginn eftir þyrfti ég að vera byrjaður að einbeita mér að leiknum um helgina.“

Jóhann Berg viðurkennir að hann hafi varið miklum tíma í að velta fyrir sér hvað miður fór í Zagreb.

„Hefðum við haldið stöðunni 1-0 aðeins lengur hefði allt getað



**HEITUR Í HAUST** Jóhann Berg hefur skorað fimm mörk í Evrópudeildinni, tvö í hollensku deildinni, eitt í bikarnum fyrir utan þrennuna með landsliðinu gegn Svisslendungum í Bern. Hér fagnar hann markinu á fimmtudag.

NORDICPHOTOS/GETTY

gerst. Það er aðalsvekkelsið,“ segir Jóhann Berg. Eins og alþjóð veit voru strákarnir okkar manni fleiri frá 38. mínútu þegar Króatar höfðu forystu, 1-0. Mark heimamanna í upphafi síðari hálfleiks gerði út um leikinn.

„Hefðum við haldið 1-0 hefði gripid um sig örvænting hjá þeim. Við hefðum bara þurft eitt mark og verið komnir á HM.“

Einn Íslendingur verður þó að óbreyttu á heimsmeistaramótinu í Brasilíu næsta sumar. Aron Jóhannsson, liðsfélagi Jóhanns Berg hjá AZ, valdi sem frægast er orðið að spila fyrir hönd Bandaríkjanna. Hann hefur verið í hópnum

hjá liðinu í undanförunum verkefnum og flestir reikna með honum í lokahópnum næsta sumar eins og staðan er í dag. En hvernig tók Aron á móti Jóhanni við komuna frá Zagreb?

„Ég fékk að gráta aðeins á öxlinni á honum. Hann fór ekkert að minna mig á að hann væri á leiðinni á HM en ekki ég,“ segir Jóhann léttur. „Hann fengi einn hnefa í andlit ef hann byrjaði á því.“

Greinilega fer vel á með Íslendingunum hjá AZ og Jóhann Berg viðurkennir að Aron hafi skotið einu og einu skoti á sig vegna ólíkrar stöðu þeirra gagnvart stórmótinu næsta sumar.

„Verbeek gerði fína hluti fyrir klúbbinn en var ekki minn tebolli. Eftir að Dick kom inn þá hefur allt breyst.“

Jóhann Berg Guðmundsson

„Það er ekkert alvarlegt og ég tek því. Það verður gaman fyrir hann að fá vonandi að vera með á þessu móti. Það er örugglega ekkert skemmtilegra en að spila á HM.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

## Okkar markahæstu í Evrópudeildinni

Jóhann Berg Guðmundsson hefur skorað flest mörk Íslendinga í Evrópudeildinni á einu tímabili með mörkum sínum fimm í haust. Næstmarkahæstu Íslendingarnir í keppninni eru góðir kunningjar Jóhanns Berg úr landsliðinu en einnig úr félagsliðum.

Gylfi Þór Sigurðsson, sem lék með Jóhanni Berg í yngri flokkum Breiðabliks, skoraði þrjú mörk með Tottenham í Evrópudeildinni á síðustu leiktíð. Mörkin skoraði Hafnfirðingurinn uppaldi í ellefu leikjum. Fyrst í 1-1 jafntefli Tottenham gegn Maribor, svo í 3-0 sigri á Inter og loks í 2-2 jafntefli gegn Basel.

Kolbeinn Sigbórsson, sem spilaði við hlið Jóhanns Berg hjá AZ Alkmaar um tíma, skoraði einmitt þrjú mörk með AZ í Evrópudeildinni leiktíðina 2010-2011. Tímabilið var hans fyrsta með aðalliði félagsins. Öll mörkin komu gegn hvít-rússneska liðinu Bate Borisov í tveimur leikjum í riðlakeppninni.



**FAGNAÐ** Aron og Jóhann Berg urðu bikarmeistarar með AZ síðastliðið vor. Árangrinum var fagnað að hætti hússins.

NORDICPHOTOS/GETTY

### → Markahæstir hvor í sinni keppni

Aron Jóhannsson og Jóhann Berg hafa verið í aðalhlutverki hjá AZ Alkmaar það sem af er tímabili. Aron hefur verið afar iðinn við kolann við markaskorun í hollensku deildinni á meðan Jóhann Berg hefur skorað flest marka liðsins í Evrópudeildinni.

**Hollenska deildin** **Evrópu deildin**

#### Aron

14 leikir 10 mörk 7 leikir 1 mark

#### Jóhann Berg

14 leikir 2 mörk 7 leikir 5 mörk






# Er veturinn kominn í umferð hjá þér?

## Fáðu aðstoð við val á réttum dekkjum hjá okkur eða söluaðilum okkar um land allt

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.

Tími vetrardekkjanna er runninn upp og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð við val á réttum dekkjum hjá okkur eða söluaðilum okkar um land allt.



**TOYO TIRES**  
driven to perform




**BF Goodrich**  
TAKE CONTROL



**MAXXIS**



**INTERSTATE**  
TIRES

 Við erum á Facebook

Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

**Bílabúð Benna**  
Sérfræðingar í bílum

### Upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Bílabúð Benna - Dekkjapjónusta  
Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045  
Þjónustuborð: 590 2000

**NESDEKK**  
Reykjavík  
Reykjanesbæ

### Þjónustusími: 561 4210

Reykjavík • Fiskislóð 30  
Reykjavík • Grjóthálsi 10  
Reykjanesbæ • Njarðarbraut 9

**ÖRYGGI  
ALLAN  
HRINGINN**  
TOYO TIRES  
driven to perform



## Stöð 2 kl. 20.15 Galapagos

Magnaðir náttúruflíspættir í umsjón Davids Attenborough sem heldur til Galapagoseyja, sem er eyjaklassi undan strönd Ekvadors. Þar er fjölbreytt dýralíf og mikil náttúrufegurð.



## Í KVÖLD



### Karlur sem hata konur

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Karlur sem hata konur er fyrsta myndin í ógleymanlegum þríleik sem byggður er á bókum Stiegs Larssons. Nú kynnumst við blaðmanninum Mikael Blomkvist sem tekur sér frí frá blaðamennsku eftir að hafa verið dæmdur fyrir meiðryði í garð viðskiptajöfurs.



### Mannshvörf á Íslandi

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Vönduð íslensk þáttaröð þar sem fréttakonan Helga Arnardóttir tekur til umfjöllunar mannhvörf hér á landi undanfarna áratugi.



### Í eldhúsinu hennar Evu

**STÖÐ 3 KL. 20.05** Glæsilegir matreiðsluþættir þar sem matgæðingurinn Eva Laufey Kjaran Hermansdóttir deilir með áhorfendum uppskriftum og aðferðum við að galdra fram dýrindismat í eldhúsinu.

## FM 957 kl. 07.00 Morgunþáttur FM957


Morgunþátturinn á FM957 með þeim Sverri Bergmann og Ernu Hrönn. Morgunþátturinn er alla virka morgna milli kl. 07-10 í boði Cocoa Puffs.



**Þriðja þáttaröðin er komin í verslanir!**  
Sjálfstætt framhald á fjörugum ævintýrum Hafdísar, Klemma og vina þeirra. Vandað, fyndið og alíslenskt barnaefni.

Íslenskt tal

Söngvar textaðir



**Fæst í verslunum um allt land**

Skálholtsútgáfan - www.skahloltsutgafan.is Dreifing: SamFilm

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm In The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.20 Miami Medical
- 11.00 Glory Daze
- 11.45 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So you think You Can Dance
- 14.25 Wipeout USA
- 15.15 ET Weekend
- 16.25 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.16 Veður
- 19.25 Stóru málin Vandaðir og áhuga-verðir þættir þar sem fjallað verður á beinskeyttan hátt um stóru málin í pólitíkinni á borð við skuldastöðu heimilanna, atvinnumál, skattamál og fleiri mikilvæg málefni.
- 19.50 Mom (4:22)
- 20.15 Galapagos (2:3)
- 21.05 Hostages (10:15)
- 21.50 The Americans (11:13)
- 22.35 World Without End (5:8)
- 23.25 Modern Family (8:22)
- 23.45 The Big Bang Theory
- 00.10 How I Met Your Mother
- 00.35 Bones
- 01.20 Episodes
- 01.50 More Than a Game
- 03.30 Hellcats
- 04.10 Off the Black
- 05.45 Mom

## SPORT

- 16.35 Þýski handboltinn 2013/2014 Útsending frá leik Melsungen og Rhein-Neckar Löwen í þýska handboltanum.
- 17.55 Sportsþjallið Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
- 18.25 Liðið mitt Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfuknattleik.
- 18.50 Real Madrid - Real Valladolid
- 20.30 Spænsku mörkin
- 21.00 Athletic - Barcelona
- 22.40 Meistaradeild Evrópu: Zenit - Atletico Madrid

## SPORT 2

- 07.00 Chelsea - Southampton
- 14.20 Newcastle - WBA
- 16.00 AFC Bournemouth - Brighton and Hove Albion
- 17.40 Aston Villa - Sunderland
- 19.20 Man. City - Swansea
- 21.00 Messan
- 22.10 Football League Show
- 22.40 Hull - Liverpool
- 00.20 Messan

## INN

- 20.00 Frumkvöðlar
- 20.30 Eldhús Meistaranna
- 21.00 Vafrað um Vesturland
- 21.30 Áfram Vogur

## STÖÐ 3

- 17.15 Extreme Makeover. Home Edition
- 18.00 Hart of Dixie
- 18.40 The New Normal
- 19.00 Make Me A Millionaire Inventor
- 19.40 Dads (3:22)
- 20.05 Í eldhúsinu hennar Evu (7:9)
- 20.25 Glee 5 (6:22)
- 21.05 Mindy Project (12:24)
- 21.30 Graceland (13:13)
- 22.15 Pretty Little Liars (12:24)
- 23.00 Nikita (12:23)
- 23.40 Justified
- 00.25 Make Me A Millionaire Inventor
- 01.05 Dads
- 01.30 Í eldhúsinu hennar Evu
- 01.45 Glee 5
- 02.30 Mindy Project
- 02.50 Graceland
- 03.35 Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

- 07.00 Jóladaatal Skoppu og Skríttlu
- 07.05 Ævintýri Tinna
- 07.27 Brunabílarnir
- 07.47 Ævintýraferðin
- 08.00 Lukku láki
- 08.24 Ofurhundurinn Krypto
- 08.45 UKI
- 08.50 Hvellur keppnisbill
- 09.00 Dóra könnuður
- 09.23 Mörgæsinn frá Madagaskar
- 09.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 10.00 Áfram Diego, áfram!
- 10.24 Svampur Sveins
- 10.48 Latibær
- 11.00 Jóladaatal
- 11.05 Ævintýri Tinna
- 11.27 Brunabílarnir
- 11.47 Ævintýraferðin
- 12.00 Lukku láki
- 12.24 Ofurhundurinn Krypto
- 12.45 UKI
- 12.50 Hvellur keppnisbill
- 13.00 Dóra könnuður
- 13.23 Mörgæsinn frá Madagaskar
- 13.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 13.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 14.00 Áfram Diego, áfram!
- 14.24 Svampur Sveins
- 14.47 Latibær
- 15.00 Jóladaatal Skoppu og Skríttlu
- 15.05 Ævintýri Tinna
- 15.27 Brunabílarnir
- 15.47 Ævintýraferðin
- 16.00 Lukku láki
- 16.24 Ofurhundurinn Krypto
- 16.45 UKI
- 16.50 Hvellur keppnisbill
- 17.00 Dóra könnuður
- 17.23 Mörgæsinn frá Madagaskar
- 17.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 17.55 Rasmus Klumpur og félagar
- 18.00 Áfram Diego, áfram!
- 18.24 Svampur Sveins
- 18.48 Latibær
- 19.00 Space Chimps 2 Zartog Strikes Back
- 20.15 Sögur fyrir svefninn

## GULL

- 16.55 Strákarnir
- 17.25 Friends
- 17.45 Seinfeld
- 18.10 Modern Family
- 18.35 Two and a Half Men
- 19.00 Eldsnögg með Jóa Fel
- 19.25 Sjálfstætt fólk
- 20.00 Mannshvörf á Íslandi (1:8)
- 20.35 Réttur (1:6)
- 21.20 Ljósavakavíkingar - Stöð 2
- 21.50 Heimsendir (1:9)
- 22.30 Meistarinn (8:15)
- 23.20 Eldsnögg með Jóa Fel
- 23.45 Sjálfstætt fólk
- 00.20 Mannshvörf á Íslandi
- 00.45 Réttur
- 01.30 Ljósavakavíkingar - Stöð 2
- 02.00 Heimsendir
- 02.35 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

- 09.50 Space Cowboys
- 12.00 Soul Surfer
- 13.45 The Mummy Returns
- 15.55 Space Cowboys
- 18.05 Soul Surfer
- 19.50 The Mummy Returns
- 22.00 Stig Larsson þríleikurinn
- 00.30 Fair Game
- 02.15 Unstoppable
- 03.55 Stig Larsson þríleikurinn

## RÚV

- 16.40 Landinn
- 17.10 Froskur og vinir hans
- 17.17 Töfranhötturinn
- 17.30 Spurt og sprellað
- 17.35 Jóladaatalið - Jólakóngurinn (2:24) (Julekongen) Karvel er nýu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
- 17.59 Skrípin
- 18.05 Tákn málsfréttir
- 18.25 Orðbragð
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Vert að vita - ...um alheiminn (2:3) (Things You Need to Know) Fræðslumyndaflokkur á gamansömum notum frá BBC. James May stíklar á stóru í sögu vísindanna og útskýrir allt frá þróun lífsins og hugmyndum Einsteins til verkfræði og efnafræði. Í þessum þætti er fjallað um alheiminn.
- 20.55 Jólatónar í Efstaleiti (1:3) Brot frá tónleikum í Útvarphúsinu í Reykjavík á aðventunni í fyrra.
- 21.05 Dicte (1:10)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Viðtalið (Lars Lagerbäck) Bogi Ágústsson ræðir við Lars Lagerbäck þjálfara íslenska karlalandsliðsins í fótbolta.
- 22.45 Saga kvikmyndanna - Evrópska nýbylgjan, 1960-1970.
- 23.45 Kastljós
- 00.10 Fréttir
- 00.20 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr.Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 15.35 Secret Street Crew
- 16.25 Judging Amy
- 17.10 Happy Endings
- 17.35 Dr. Phil
- 18.15 Top Gear's Top 41
- 19.05 Cheers
- 19.30 Save Me
- 19.55 30 Rock (10:13)
- 20.20 Kitchen Nightmares (16:17)
- 21.10 Hawaii Five-0 (4:22)
- 22.00 CSI. New York (13:17)
- 22.50 CSI (11:23)
- 23.35 Law & Order: Special Victims Unit
- 00.20 Hawaii Five-0
- 01.10 Ray Donovan
- 02.00 The Walking Dead
- 02.50 In Plain Sight
- 03.40 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport
- 09.10 Golfing World
- 10.00 World Golf Championship 2013
- 14.00 World Golf Championship 2013
- 18.00 Golfing World
- 18.50 World Golf Championship 2013
- 22.00 Golfing World
- 22.50 The Open Championship Official Film 1984
- 23.45 Eurosport

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun



# HotYoga

SPORTHÚSINU KÓPAVOGI

Jóhanna Karlsdóttir  
með hæstu gráðu í Yoga fræðum  
frá Yoga Alliance.

## HAFÐU JÓLAGJÖFINA ÞÍNA Í ÁR SJÁLFSUMHYGGJU

Vertu velkomin/n í Hot Yoga í Sporthúsinu Kópavogi  
allan desember

Ótakmarkaður aðgangur að 18 hot yoga tímum í viku hverri.

**Verð: 15.900 kr.**  
fyrir 4 vikur

Tímataflan:

mán	þri	mið	fim	fös	lau
6:15 60 min		6:15 60 min		6:15 60 min	
9:00 60 min	12:00 60 min	9:00 60 min	12:00 60 min	9:00 90 min	11:00 90 min
17:30 90 min	18:15 90 min	17:30 90 min	18:15 90 min	17:30 75 min	
19:30 60 min	20:00 75 min	19:30 60 min	20:00 75 min		

Kennt verður á aðfangadag,  
annan í jólum og gamlársgl. kl: 11.00

**SPORTHÚSIÐ**  
heilsurækt fyrir alla

[www.hotyoga.is](http://www.hotyoga.is)

Nánari upplýsingar og skráning í s: 564-4050,  
[www.sporthusid.is](http://www.sporthusid.is) eða á netfangið: [gunnhildur@sporthusid.is](mailto:gunnhildur@sporthusid.is)

þín þróun... 

WWW.SPORTHUSID.IS - DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050



## MÁNUDAGSLAGIÐ



Toto með Africa er langsamlega besta lag sem samið hefur verið. Það poppar alltaf upp stemmninguna, hvenær sem er.

Ólöf Huguína Valdímarsdóttir, leikkona og frumkvöðull.

## Tefldi á sama borði og Fischer

Stórleikarinn Tobey Maguire leikur í myndinni Pawn Sacrifice sem fjallar um skákmeistarann Bobby Fischer. Atriði í myndinni voru tekin upp á Íslandi.

Tökulið stórmyndarinnar Pawn Sacrifice kom hingað til lands fyrir stuttu til að taka upp atriði í myndinni. Myndin fjallar um skákmeistarann sáluga Bobby Fischer. Leikarinn Tobey Maguire, sem er hvað þekktastur fyrir að leika Köngulóarmanninn, túlkar Fischer í myndinni.

Framleiðendur myndarinnar fengu lánað eitt af taflborðunum sem Boris Spasskí og Bobby Fischer tefldu á í einvígi aldarinnar

í Reykjavík árið 1972 til að nota í tókum á myndinni. Taflborðið sem er til sýnis á Hótel Natura, ferðaðist alla leið til Kanada með tökuliðinu og fékk Tobey því að tefla á sama taflborði og stórmeistarinn sem hann leikur.

„Deir vildu hafa þetta ekta í tókunum og það var ekkert mál að fá taflborðið lánað. Það var að sjálf-sögðu tryggt fyrir formúu ef ske kynni að eitthvað kæmi fyrir svona sögulegan grip. Það er mikið lagt

„Tobey er hinn hressasti. Allir sem komu að gerð myndarinnar voru mjög alúðlegir

Árni Björn Helgason

í þessa mynd en aðrir hlutir voru einnig sendir frá Íslandi til Kanada,“ segir Árni Björn Helgason, yfirmaður erlendar framleiðslu hjá Sagafilm.



SKÁKÁHUGAMAÐUR Tobey hefur mikinn áhuga á Fischer en Pawn Sacrifice verður frumsýnd á næsta ári vestan hafs.

## → Viðkomustaðir Ásgeirs á tónleikaferðalaginu



\*Studio Coast, Hostess Club Weekender, Tókyó, Japan. Ásamt hljómsveitum á borð við Mogwai, The National, Warpaint, Youth Lagoon, Daughter, CHVRCHES, Errors, Buke and Gase. \*\*NTUSC, Hostess Club Taipei, Taipei, Taívan. Einnig munu þar spila The National, Youth Lagoon. \*\*\*Fort Canning, Hostess Club Weekender, Singapúr. Einnig munu spila The National, Mogwai, King Krule, Buke and Gase.

Ásgeir verður með tónleika í Bandaríkjunum á tímabilinu 22. febrúar og 21. mars. Ekki er búið að negla staði. Túrin heldur síðan áfram um Evrópu og Bretland til 12. apríl. Til viðbótar hafa tónleikar verið tilkynntir 4. apríl á Motel Mozaïque, Hollandi

## Spilar út um allan heim

Ásgeir er nú á sínu fyrsta tónleikaferðalagi um heiminn og gengur allt í haginn.

Ásgeir Trausti er ásamt hljómsveit sinni um þessar mundir í sinni fyrstu tónleikaferð um heiminn og heimsækir hann marga fjölbreytta og ólíka staði. Hann hóf ferðalagið í Frakklandi 15. nóvember og fylgir hann þéttri og skipulagðri dagskrá fram um miðjan desember. Á nýju ári heldur dagskráin svo áfram og koma þeir einnig fram með fleiri heimsþekktum hljómsveitum á borð við The National og Mogwai.

Í Evrópu er Ásgeir aðalnumerið en norska stúlknausveitin Farao sér um upphitun í Evrópu.

Hinn 15. janúar kemur Ásgeir fram á EBBA-verðlaunahátíðinni í Hollandi en hann vann verðlaunin fyrir skömmu. EBBA-verðlaunin eru veitt því tónlistarfólki sem þykir hafa náð framúrskarandi árangri með tónlist sinni út yfir landamæri heimalandsins. Sigurvegararnir eru valdir annars vegar af markaðsgreiningarfyrirtækinu Nielsen Music Control á grundvelli tónlistarsölu og útvarpsspilunar og hins vegar með atkvæðagreiðslu innan Samtaka evrópskra útvarpstöðva (EBU) og tengslanets evrópskra tónlistarhátíða.

Verðlaunahátíðin er nú haldin í ellefta sinn og er þetta í annað sinn sem íslensku tónlistarfólki hlotnast þessi heið-



ALLT GENGUR VEL Hér sjáum við Ásgeir á sviði ásamt hljómsveit sinni en hann er um þessar mundir að spila út um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

→ Fleiri tónleikadagsetningar eru væntanlegar fyrir tónleikaferðalag Ásgeirs í Evrópu á bilinu 23. mars til 12. apríl. Þar heimsækir hann lönd á borð við Ítalíu, Bretland, Írland, Belgíu, Frakkland, Pólland og Pýskaland.

er en í fyrra hlaut hljómsveitin Of Monsters and Men verðlaunin. Plata Ásgeirs, In the Silence, sem hefur fengið prýðisdóma, kemur út í Evrópu 27. janúar. Þá er hún komin í forsölu á tonlist.is með tveimur glænýjum aukalögum og þremur lögum í órafmagnaðri útgáfu. Í febrúar fer fara þeir félagar í fyrsta skipti til Asíu en

þar koma þeir meðal annars fram með stórhljómsveitum á borð við Mogwai og The National.


Bandaríkin eru næsti viðkomustaður á eftir Asíu en þó eru nánari staðsetningar innan Bandaríkjanna ekki staðfestar. Þegar Ásgeir og félagar hafa lokið ferð sinni um Bandaríkin halda þeir aftur til Evrópu. [gunnarleo@frettabladid.is](mailto:gunnarleo@frettabladid.is)



# STOMP



HARPA



Sunday Telegraph:

## „Sannir sviðstöfrar“

Eldborg  
18., 19. & 20.  
desember

Harpa kynnr STOMP í samstarfi við Stomp Productions og Glynis Henderson Productions

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

Miðasala er hafin á [midi.is](http://midi.is) og [harpa.is](http://harpa.is)

[www.harpa.is/stomp](http://www.harpa.is/stomp)

ICELANDAIR

Arion banki


er aðalstyrktaraðili Hörpu



# STOMP



HARPA



## „Sannir sviðstöfrar“

Sunday Telegraph

*Eldborg — sýnt í desember*

*Harpa kynnir STOMP í samstarfi við Stomp Productions  
og Glynis Henderson Productions*

Sýningin sameinar leikhús, dans og hryntónlist og hefur farið sigurför um heiminn. Býðst Íslendingum nú tækifæri til að sjá þetta magnaða sjónarspil hér á landi — ferskara og hraðara en nokkru sinni!

Miðasala á [midi.is](http://midi.is) og [harpa.is](http://harpa.is)

[www.harpa.is/stomp](http://www.harpa.is/stomp)

ICELANDAIR



er aðalstyrktaraðili Hörpu



Arion banki



### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Ný veðurfréttakona

Á Stöð 2 hefur ný veðurfréttakona tekið til starfa en hennar fyrsta sjónvarpsframmistaða var síðastliðinn laugardag og þótti einkar faguð.

Nafn fréttakonunnar, **Vordís Eiríksdóttir**, hefur vakið mikla athygli en það þykir einstaklega viðeigandi sökum starfstíls hennar. Hún er þó ekki eina veðurfréttakona stöðvarinnar sem ber árstíðarkennt nafn, því fyrir starfar

Snjólaug Ólafsdóttir einnig hjá Stöð 2.

Vordís mun án nokkurs vafa sjá til þess að Íslendingar fái enn betri veðurspá og einnig má telja að vorið verði sérstaklega veðursælt hjá Vordísi. - gfp



#### Kötturinn vann

Auglýsing tryggingafélagsins Sjónvá, með kettinum Jóa í aðalhlutverki, vann í vikunni alþjóðleg verðlaun, bronsverðlaun EPICA.

Auglýsingastofan Hvíta húsið og framleiðslufyrirtækið Sagafilm eiga heiðurinn af auglýsingunni en leikstjórinn er **Guðjón Jónsson**, einn vinsælasti auglýsingaleikstjóri landsins. Kötturinn Jóa var sérstaklega þjálfaður fyrir auglýsinguna hjá Ástu Dóru Ingadóttur hjá Gallerí Voff.



- lkg

#### Mest lesið


- 1 Hollywood syrgir Paul Walker
- 2 Langskot Tottenham dugðu ekki til sigurs
- 3 Paul Walker látinn
- 4 Snertingar Skrtel breyttu öllu
- 5 Alvarlega slösuð eftir líkamsrás
- 6 Lögreglukona handtekin vegna árásar á Steven Gerrard

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



Sendu sms-ið **barn** í númerið **1900**

til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur

unicef 



# Jólagjöfin er 66°NORÐUR

JÓNSSON & LE'WACKS • HJÚS • SÍA

66north.is